


skoðun 10

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is




RÍFANDI STEMNING Á NASA
*Hljómsveitin Quarashi fær fjórar stjörnur fyrir lokatónleikana sína.*
fólk 16




# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
18. júlí 2011
165. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




### Upplifir ævintýri
*Elín Lovísa Elíasdóttir hefur lent í miklum ævintýrum í borginni Los Angeles.*
fólk 22

### Vítamínsprauta fyrir samfélagið
*Miðstöð fræða og menningar undir merkjum sjálfbærrar þróunar verður ýtt úr vör á Húsavík í dag.*
tímamót 12



### Sigurgangan stöðvuð
*KR og Valur gerðu dramatískt jafntefli í toppslagnum í gærkvöldi.*
sport 18

### veðrið í dag




**VÍÐA LÉTTSKÝJAÐ** á landinu í dag en þokubakkar með norður- og austurströndinni. Vindur hægur og hiti á bilinu 8-20 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4

# Norska kirkjan á mannaveiðum hér

**Sóknarprestur í Noregi býst við bylgju íslenskra presta þangað vegna atvinnuleysis. Skortur er á prestum þar og hefur norska kirkjan leitað guðfræðinga hér á landi. Álagið orðið mikið þar sem félagsleg vandamál hvíla þungt á prestum.**

**NOREGUR** „Fimm íslenskir prestar hafa ráðið sig til starfa í okkar biskupsdæmi og við erum mjög ánægð með þá sem hafa komið,“ segir Steinar Skornedal starfsmannastjóri Niðaróssbiskupsdæmis í Noregi.

Mikill skortur er á prestum í nyrðri héruðum Noregs og vantar um 50 til 60 presta til starfa. Norska kirkjan hefur beint sjónum sínum að kirkjunnar þjónum á Íslandi. Steinar kom síðastliðið haust til Íslands til að kynna starfsaðstæður

**60** presta vantar til starfa í Noregi.

í Noregi fyrir íslenskum prestum og guðfræðingum.

Arnaldur Bárðarson er einn þeirra presta sem sest hafa að í Noregi. Hann gegnir nú starfi sóknarprests í bænum Hemne. Hann telur að um tíu íslenskir prestar starfi nú í Noregi. „Ég held að það komi bylgja af íslenskum guðfræðingum hingað. Atvinnumöguleikarnir fyrir þá eru litlir á Íslandi,“ segir hann.

Arnaldur segist hafa verið að brenna út í starfi á Íslandi.

„Félagsleg vandamál voru orðin svo mikil. Það var erfitt að taka á móti fólki á skrifstofunni og heyra sorgarsögur þeirra sem voru að missa vinnuna sína og húsin og áttu ekki fyrir mat,“ segir Arnaldur sem býst ekki við að snúa aftur heim.

**- ibs / sjá síðu 8**



**MÁLAÐ Í SÓLINNI** Kristbergur Pétursson myndlistarmaður nýtti sér góða veðrið í Hafnarfirði í gær. Hann iðkaði list sína í Hellisgerði þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði. Það viðrar vel til útiveru í dag, spáð er léttskýjuðu en sums staðar þokulofti norðaustan til. Hiti verður 12 til 20 stig, hlýjast í uppsveitum suðvestanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kostnaður við hreinsun í Reykjavík hleypur á hundruðum milljóna:

# Íhuga að sekta sóða í borginni

**UMHVERFISMÁL** Regína Ásvaldsdóttir, skrifstofustjóri borgarstjóra og nú staðgengill borgarstjóra, segir að sú hugmynd hafi verið rædd hjá borginni að sekta menn á staðnum fyrir slæma umgengni. Kostnaður við að hreinsa Reykjavíkurborg hleypur á hundruðum milljóna króna á ári.

„Við höfum haft áhyggjur af því að kostnaðurinn við að hreinsa borgina fari stöðugt hækkandi,“ segir Regína. „Umfangið hefur aukist en jafnframt höfum við þurft að skera niður svo vissulega hefur það verið rætt hvort við gætum farið út í eitthvað svipað og gerist annars staðar, til dæmis í Svíþjóð. Málið er ekki komið á neitt lokastig, það hefur til dæmis ekki verið kynnt í borgarráði.“

Samkvæmt nýrri lagabreytingu í Svíþjóð getur lögreglan sektað á staðnum hvern þann sem staðinn er að því að henda rusli á götuna. Sektin nemur 14.400 íslenskum krónum. Hér á landi er sóðaskapur sem þessi brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur og tekur lögreglan skýrslu af hverjum þeim sem hún stendur að verki. Það er síðan löglærður fulltrúi lögreglunnar sem ákveður sektina en ef ekki er staðið í skilum fer málið fyrir dóm.

Fimm sinnum, það sem af er þessu ári, hefur lögreglan haft afskipti af mönnum fyrir sóðaskap sem er einu tilviki fleira en í fyrra.

**- jse**



**ÚTI Í GEIMNUM** Í alþjóðlegu geimstöðinni stilltu geimfarar sér upp til myndatöku. NORDICPHOTOS/AFP

Geimskutlur teknar úr notkun:

## Ört fækkar í geimfarastétt

**BANDARÍKIN, AP Verulega hefur fækkað í geimfarastéttinni síðustu misserin, og enn mun geimförum fækka nú þegar Bandaríkin hætta alfarið notkun á geimskutlum.**

**„Þetta eru miklir umrótatímar og margir eiga erfitt með að sætta sig við óvissuna,“ segir Peggy Whitson, yfirgeimfari hjá bandarísku geimferðamiðstöðinni NASA.**

**Þar eru reyndar enn 60 geimfarar að störfum, en stéttin má muna sinn fífil fegri því fyrir aðeins áratug voru þeir 149 talsins.**

**- gb**

Áhöfn Gæslunnar á flugi:

## Fundu feðga sem höfðu villst

**BJÖRGUN** Áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar fann um hálf níu leytið í gær feðga sem leitað hafði verið frá því seinnipart dags. Mennirnir, faðir og tveir synir hans, ætluðu í göngu í Klukkuskarði en svo virðist sem þeir hafi villst af leið.

Mennirnir fundust í norðanverðum Hrútadal undir Hrútatindi, sem er í um þriggja kílómetra fjarlægð frá þeim stað þar sem bíllinn þeirra fannst. Mennirnir höfðu hins vegar gengið um tíu kílómetra leið þegar þeir fundust.

**- kh**


Gráða & feta
ostateningar í olíu




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA
ms.is

PRJÓNASUMAR
52 uppskriftir á kríli, krakka, konur og karla
www.forlagid.is




1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Handbækur o.fl. 6.-12.7.11



## SPURNING DAGSINS



*Sindri, er Gylfi að grilla í bændum?*

„Hann er greinilega ekkert lamb að leika sér við.“

Landssamband sauðfjárbænda vill hækka viðmiðunarverð til bænda um 25 prósent. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, mótmælir þessu harðlega og vill að neytendur sniðgangi lambakjöt.



**ANGELA MERKEL** Gagnrýnd fyrir einstrengingshátt gagnvart Grikkjum. NORDICPHOTOS/AFP

Merkel Þýskalandskanslari:

# Útilokar ekki skuldaafskriftir

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel Þýskalandskanslari segir nú allt reynt til að koma í veg fyrir að fella þurfi niður eitthvað af skuldum gríska ríkisins. Hún útilokar þó ekki lengur að til þess þurfi að koma.

Hún hefur verið gagnrýnd fyrir að standa stíf á því að Grikkir þurfi að greiða allar skuldirnar, en segir nú kannað hvort einhverjir lánardrottnar Grikkja bjóðist til að fella niður eitthvað af skuldum þeirra.

Helmut Kohl, fyrrverandi kanslari Þýskalands, segir að Merkel sé með einstrengingslegri afstöðu sinni að eyðileggja það Evrópusamstarf, sem hann barðist alla tíð fyrir. - gb

## SAMGÖNGUR

**Hraðamyndavélar í göngum**

Hraðamyndavélar í Bolungarvíkurgöngum og Héðinsfjarðargöngum voru teknar í notkun á föstudaginn var. Uppsetningin er liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda og er tilgangurinn sá að draga úr ökuhraða og fækka slysum.

Réttarhöld yfir Silvio Berlusconi forsætisráðherra hefjast í dag á Ítalíu:

# Gæti fengið tólf ára fangelsi

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, á að mæta fyrir rétti í dag. Hann hefur þó tilkynnt að hann komist ekki þar sem hann mun funda með Giorgio Napolitano, forseta landsins.

Berlusconi sætir ákærum fyrir mútur og að hafa borgað 17 ára stúlku fyrir kynlíf. Réttarhöld hefjast í báðum þessum málum í dag.

Hann er sakaður um að hafa borgað fyrrum lögmanni sínum, David Mills, fyrir að bera ljúgvitni. Þá er hann ákærður fyrir að hafa borgað marokkósku stúlkunni Karim El Mahroug ítrekað fyrir kynmök í glæsihúsi sínu. Að auki er hann grunaður um að hafa misbeitt valdi sínu með því að leysa hana úr varðhaldi lögreglu þegar hún var handtekin fyrir þjófnað í maí 2010.



**SILVIO BERLUSCONI**

Verði hann fundinn sekur um misbeitinguna getur hann fengið allt að 12 ára dóm.

Lögmenn Berlusconi hafa dregið vald réttarins í efa og sagt að sérstakan ráðherrarétt þurfti til að meta hvort misbeiting valds hafi átt sér stað. Þá hafa þeir farið fram á að réttarhöldin verði færð nær heimili Berlusconi, en hann býr við góðan kost í Arcore, fyrir utan Milan.

Fjöldi vitna sem býr í Sviss mun bera vitnisburð í dag með aðstoð fjarfundarbúnaðar. - kóp

Mótmælendum fjölgar:

# Tugir hlaupast úr Sýrlandsher

**SÝRLAND, AP** Fjöldi sýrlenskra hermanna var sendur með þyrlum í gær til bæjarins al-Boukamal þar sem tugir hermanna höfðu gerst liðhlaupar og gengið til liðs við mótmælendur.

Mótmælendum gegn Bashar Assad Sýrlandsforseta fjölgar stöðugt þrátt fyrir æ harkalegri aðgerðir hers og lögreglu gegn mótmælendunum.

Hundruð þúsunda héldu út á götur landsins á föstudag til að krefjast lýðræðisumbóta og afsagnar forsetans. - gb

# Þurrkar tefja uppskeru sunnanlands

**Í venjulegu árferði væru kartöflur og kál farin að berast á borð landsmanna úr sunnlenskum sveitum. Þurrkar og vorhret valda því að svo er ekki enn í ár. Kartöflurækt er eins og lottóið, segir kartöflubóndi í Þykkvabænum.**

**LANDBÚNAÐUR** Miklir þurrkar víða í sveitum sunnanlands auk síðbúins vorhrets í lok maí valda því að uppskera garðyrkjubænda verður tíu dögum til tveimur vikum síðar í ár en undafarin ár.

„Í fyrra byrjuðum við að selja kartöflur í annarri viku júlí en það verður ekki fyrr en um næstu mánaðamót sem við getum byrjað núna,“ segir Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi á Skarði í Þykkvabæ.

Friðrik R. Friðriksson, ræktunarstjóri hjá Jöfra á Flúðum, tekur í sama streng en þar er ræktað kál í útigörðum. „Þetta hefur ekki skemmt neitt en gerir okkur samt lífið leitt því uppskeran er tíu dögum seinni nú og við höfum bara staðið í því að vökva dag og nótt,“ segir hann.

Sigurbjartur segist nú vonast eftir góðri tíð í júlí og ágúst svo uppskeran geti verið jafnmikil um sig og í fyrra. Uppskeran var góð í fyrra en þá uppskar Sigurbjartur 350 til 400 tonn. „Ég setti niður í sambærilegt land núna þannig að ef allt gengur upp á þetta að vera svipað í ár en annars er kartöflurækt eins og lottóið, maður leggur undir á vorin og svo sér maður hvernig dettur úr pottinum á haustin,“ segir Sigurbjartur.

Spurður hvaða áhrif þessi seinkun hafi segir Friðrik. „Þetta styttir náttúrulega markaðstímann. Kálið sem borðað var í síðustu viku var ekki íslenskt kál.“ Hann segist nú vona að Kári verði ekki snemma á ferðinni svo að markaðstíminn styttist ekki líka í hinn endann.



**ALLT Í BLÓMA Í GRÓÐURHÚSUNUM** Hér er Friðrik ásamt Georg Ottóssyni garðyrkjubónda á Skarði. Þurrkar valda því að kálið er ekki enn sopið þar sem annars staðar. MYND/ISLNEKT.IS

Íslensk veðrátta virkar greinilega ekki eftir neinni jafnaðarreglu því örlítið austar unir Ólafur Eggertsson bóndi sér vel í vætutíðinni sem ríkt hefur undir Eyjafjallajökli. „Hér er ekki vandamál með þurrk það er frekar allt of blautt,“ segir Ólafur. „Ég er satt að segja orðinn svolítið þreyttur á þessu, það gengur svo hægt hjá mér að heyja í þessari veðráttu. En ég hef svo sem ekki ástæðu til að kvarta, hér er korn og repja allt mjög fallegt, mikill heyfengur og túnin fallega græn.“ Hann segir það þekkt fyrirbæri að fjallaskúrir væti grund undir Eyjafjallajökli þegar þurrkar ríkja annars staðar á svæðinu.

jse@frettabladid.is



**HOSNI MUBARAK** Hefur verið á sjúkrahúsi síðan í apríl. NORDICPHOTOS/AFP

Lækni og lögmann greinir á:

# Mubarak í dái eða með svima

**EGYPTALAND, AP Hosni Mubarak, sem hrökklaðist frá völdum í Egyptalandi snemma árs, var í gær sagður hafa fengið heilablóðfall og liggja í dái.**

**Læknir hans bar þessar fregnir til baka, sagði Mubarak hafa fengið blóðþrýstingsfall en sé að ná sér. Hann finni þó til svima. Það var lögmaður Mubaraks, Farid el-Deeb, sem áður hafði tilkynnt að Mubarak væri í dái.**

**Mubarak hefur verið á sjúkrahúsi síðan í apríl undir eftirliti lögreglu, þar sem hann var handtekinn sakaður um að bera ábyrgð á dauða** fjölmargra mótmælenda. - gb

Lögreglan handtók fimm:

# Veltu bíl í bílastæðahúsi

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manns voru handteknir um eittleytið í fyrrinótt eftir að fólksbíl var velt í bílastæðahúsi við Höfðatún í Reykjavík. Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var bíllinn á hvolfi þegar komið var að og er hann talinn ónýtur. Ekki liggur fyrir hvernig tókst að velta bílnum.

Erfiðlega gekk að fá fimmmenningana til að viðurkenna hver þeirra hafði ekið bílnum en þeir fóru í skýrslutöku hjá lögreglu í gærmorgun. - jhh

HÓPKAUP.IS Í DAG

Balkanika Restaurant

GILDIR Í 24 TÍMA

Kjúklinga shish kebab

890 kr.

Verð 1.990 kr. | Afsláttur 55% | Afsláttur í kr. 1.100 kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531

Kjúklinga shish kebab með hrísgrjónum eða frönskum, salati, tahini-jógúrtsósu og pítubrauði. Balkanika er fyrsti og eini veitingastaðurinn á Íslandi þar sem þú getur fengið ýmsa balkanska rétti.



HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

Neyðin á þurrkasvæðunum í austanverðri Afríku eykst stöðugt:

# Brýn þörf fyrir fjárhagsaðstoð

**KENÍA, AP** Tony Lake, yfirmaður Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, segir að ástandið á þurrkasvæðunum í Afríku muni versna á næstu mánuðum. Fólk hefur ekki mat og engin uppskera er væntanleg til að bæta úr matarskortinum.

Hann segir að nú skipti öllu máli að útvega fjölskyldum aðstoð.

„Allt þetta fólk er á tæpasta vaði,“ segir hann, og tekur fram að ástandið nú megi rekja til nokkurra samverkandi þátta: þurrka, hærra verðs á matvælum og eldsneyti, og langvinn stríðsátök í Sómalíu.

Þurrkarnir á þessum slóðum eru þeir verstu sem komið hafa í áratugi. Þúsundir manna hafa flúið ástandið í Sómalíu, þar sem ástandið er verst, yfir landamærin til Kenía og Eþíópíu, þar sem ástandið er einnig slæmt fyrir.

Uppskerubrestur hefur nú verið nokkur ár í röð vegna þurrkanna og búfénaði hefur fækkað verulega af sömu ástæðu. - gb



**Á ÞURRKASVÆÐUM Í KENÍA** Mæður með ungabörn leita aðstoðar í Turkana-héraði. NORDICPHOTOS/AFP



Brakandi góð tilboð!
2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
4.990 kr. /18 mán.
LG Optimus Black/White
2.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 79.990 kr.
1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
2.590 kr. /12 mán.
LG Optimus Me
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 27.990 kr.
1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!
3.490 kr. /12 mán.
LG Optimus One
1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 39.990 kr.
9.990 kr.
URBANEARS Plattan
4.990 kr.
URBANEARS Bagis
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Farsímatilboð Nova: Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 15.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,06 | 117,62 |
| Sterlingspund | 188,62 | 189,54 |
| Evra | 165,67 | 166,59 |
| Dönsk króna | 22,214 | 22,344 |
| Norsk króna | 21,069 | 21,193 |
| Sænsk króna | 17,953 | 18,059 |
| Japanskt jen | 1,4804 | 1,4890 |
| SDR | 186,12 | 187,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,3472

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Casey Anthony laus úr fangelsi eftir sýknun af ákæru um barnamorð:

# Hörð viðbrögð almennings

**BANDARÍKIN, AP** Casey Anthony á sér fáa stuðningsmenn í Bandaríkjunum þótt hún hafi verið sýknuð af ákæru um að hafa myrt barn sitt.

Hópur fólks var viðstaddur þegar hún gekk í gær frjáls manneskja út úr fangelsinu í Orlando í Flórída, þar sem hún hefur dvalist í nærri þrjú ár meðan mál hennar var til meðferðar hjá dómstólum.

Hún fékk fjögurra ára dóm fyrir að segja ósatt, en var látin laus vegna góðrar hegðunar í fangelsinu.

Almenningur í Bandaríkjunum hefur fylgst mjög með málinu og eru margir afar hneykslaðir á sýknudómnum. Hrópað var að henni þegar hún gekk út úr fangelsinu í gær, meðal annars var hún kölluð barnamorðingi.



**LAUS ÚR FANGELSINU** Casey Anthony ásamt lögmanni sínum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hún lét engan vita þegar tveggja ára dóttir hennar hvarf sumarið 2008, heldur fór að heiman frá foreldrum sínum og sökkti sér í skemmtanalíf vikum saman áður en móðir hennar tilkynnti lögreglu um grun sinn um að hún hafi myrt barnið. Lík barnsins fannst hálfu ári síðar í skógi skammt frá heimili foreldra hennar.

Óvíst er hvað hún tekur sér nú fyrir hendur, en foreldrar hennar hafa ekkert talað við hana síðan hún var handtekin. **- gb**

Prestafélagið fundar:

# Of mikil athygli á biskupnum

**KIRKJAN** Athygli almennings hefur beinst of mikið að Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands, eftir að rannsóknarskýrsla um kynferðisbrot innan kirkjunnar kom út. Þetta segir Guðbjörg Jóhannesdóttir, formaður Prestafélags Íslands.

Prestafélagið hélt prestafund í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju í vikunni. Þar var rannsóknarskýrslan rædd í þaula, en til stendur að funda aftur með biskupi Íslands og Pétri Hafstein, forseta kirkjuþings, í haust. **- jhh**

Veiðigjald næsta árs hækkar:

# Greiða 9,46 krónur á hvert þorskígildiskíló

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur gefið út reglugerð um veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs verður 9,46 krónur af hverju lönduðu þorskígildiskílói og er áætlað að það skili um 4.500 milljónum króna í ríkissjóð. Það er umtalsverð hækkun frá yfirstandandi fiskveiðiári þar sem reiknað er með að veiðigjaldið skili um 2.700 milljónum.

Hækkunin nú skýrist af auknum aflaheimildum og því að Alþingi ákvað með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða að hækka gjaldið úr 9,5 prósentum í 13,3 prósent af reiknaðri framlegð, að því er segir á vef sjávarútvegsráðuneytisins. **- kh**

Tæp 4.000 tonn seld:

# Nautakjötssala dregst saman

**LANDBÚNAÐUR Sala á nautakjöti í júní var 11,7 prósentum minni en á sama tíma í fyrra. Ársfjórðungssalan er 2,7 prósentum minni en í fyrra. Þetta kemur fram á vef Landssambands kúabænda.**

**Heildarframleiðsla á nautakjöti síðastliðna 12 mánuði nam 3.785 tonnum, en alls voru framleidd 26.606 tonn af kjöti á landinu öllu. Hlutdeild nautakjöts nemur því 14,2 prósentum.**

**Ekki var aukning í sölu á neinni kjöttegund síðustu 12 mánuði og er það ný staða. Heildarsala á kjöti dróst saman um 2,4 prósent síðastliðna 12 mánuði. Mest er selt af alifuglakjöti, eða 26,9 prósent af allri kjötsölu, þá kindakjöti og loks svínakjöti. - kóp**

# Brooks handtekin vegna hleranamáls

**Hægri hönd Ruperts Murdoch segist veita lögreglunni í London fulla samvinnu við rannsókn hleranamálsins. Yfirmaður lögreglunnar í London þurfti að segja af sér. Fjölmiðlaveldi Murdochs sætir harðri gagnrýni í Bretlandi.**

**BRETLAND, AP** Lögreglan í London handtók í gær Rebekuh Brooks, sem fyrir helgi sagði af sér sem framkvæmdastjóri News International, vegna farsímahlerana, sem starfsmenn hennar hjá vikublaðinu News of the World höfðu stundað um árabil.

Brooks segist sjálf veita lögreglunni fulla samvinnu við rannsókn málsins en er sökuð um að hafa sagt blaðamönnum að stunda símhleranir.

Hún á að mæta ásamt feðgunum Rupert og James Murdoch, eigendum fjölmiðlaveldisins, í yfirheyrslu hjá breskri þingnefnd á morgun.

Paul Stephenson, yfirmaður lögreglunnar í London, hefur einnig sagt af sér vegna tengsla sinna við fjölmiðlaveldi Murdochs. Stephenson hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa ráðið Neill Wallis til sín sem ráðgjafa, en Wallis er fyrrverandi framkvæmdastjóri News of the World. Wallis hefur verið yfirheyrður af lögreglunni í tengslum við hleranirnar.

Brooks hefur lengi verið hægri hönd Murdochs og var um tíma ritstjóri News of the World, en hleranahneykslið varð til þess að útgáfu blaðsins var hætt fyrir rúmri viku.

Mikil umskipti hafa orðið í lífi hennar á snöggum tíma. Um síðustu jól snæddi hún með breska forsætisráðherranum og var talin ein valdamesta kona Bretlands. Nú situr hún í fangelsi, harðlega gagnrýnd og sætir háðsglósum fyrir hlut sinn í hlerunarmálinu.



**RUPERT MURDOCH OG REBEKAH BROOKS** Fjölmiðlakóngurinn og fyrrverandi hægri hönd hans ganga í gegnum erfiða daga. NORDICPHOTOS/AFP

Árum saman hafa getgátur og sögur af hlerunum, sem blaðamenn hjá News of the World hafi stundað, verið á sveimi. Það var þó ekki fyrr en upplýst var nýverið að blaðamaður hafi árið 2002 brotist inn í farsímann hjá þrettán ára stúlku, Millie Dowler, sem þá var týnd en fannst síðar myrt, að upp úr sauð í Bretlandi. Blaðamennirnir eru sagðir hafa torveldað rannsókn málsins með þessu.

Murdoch sjálfur er ekki síður gagnrýndur fyrir ábyrgð sína í hlerunarmálinu. Hann hefur undanfarna áratugi byggt upp eitt helsta fjölmiðlaveldi heims, gefur meðal annars út dagblöð og rekur sjónvarpsstöðvar í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar. Hann nýtur ekki lengur náinna tengsla sinna við stjórnmálamenn og aðra valdamikla einstaklinga í Bretlandi. **gudsteinn@frettabladid.is**

Flókin flétta Landsbanka:

# Baugsmenn áttu hlut í Pace

**VIÐSKIPTI Huldufélagið Pace Associates í Panama var skúffufélag sem Landsbankinn í Lúxemborg útbjó þegar hann var kominn út fyrir heimildir sínar til að lána beint til fasteignasjóðs á Indlandi. Baugur, Hannes Smárason og Kevin Stanford voru meðal hluthafa í sjóðnum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Í apríl 2007 lánaði félag Pálma Haraldssonar, Fons, félaginu Pace Associates þrjá milljarða króna og voru peningarnir millifærðir inn á reikning Pace hjá Landsbankanum í Lúxemborg.**

**Pálmi Haraldsson sagði við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að Hannes Smárason og Landsbankinn í Lúxemborg hefðu kynnt verkefnið fyrir sér á sínum tíma. Pálmi gat ekki svarað því um hvaða fasteignaverkefni hefði verið að ræða og hvar á Indlandi félagið hefði fjárfest.**

**Millifærsla frá Fons til Pace er nú til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Ítarlega er fjallað málið á vísi.is. - þþ**

## MENNING

### Harry Potter setur nýtt met

Tekjur af nýju myndinni um Harry Potter námu 168 milljónum Bandaríkjadala um helgina, eða tæpum tuttugu milljörðum króna. Fyrra metið yfir tekjur á einni helgi átti kvikmyndin Batman: The Dark Knight, en það var 158 milljónir dala.

## LÖGREGLUMÁL

### Húsbíll valt í Grindavík

Húsbíll valt eftir árekstur við aðra bifreið í Grindavík um átta leytið á föstudagskvöld. Svo virðist sem ökumaður húsbílsins hafi ekki virt stöðvunarskyldu með þeim afleiðingum að aðkomandi bifreið ók inn í hlið húsbílsins.


TRÚLOFUNARHRINGAR
*falleg minning á fingur*



Jón & Óskar 40
JÓN & ÓSKAR 1971-2011
PIPAR\TBWA • SÍA • 111301
www.jonogoskar.is LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**BJARTVIÐRI**
verður víða á landinu næstu daga og vindur hægur. Það viðrar því vel fyrir ferðalanga, að minnsta kosti fram að næstu helgi. Hlýjast verður á Suðvesturlandi næstu daga þar sem hitinn gæti náð 20 stigum í innsveitum.



**Á MORGUN**
Hæg norðlæg eða breytileg átt víða um land.

**MIÐVIKUDAGUR**
Hæg norðlæg eða breytileg átt víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 32° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 19° |
| París | 20° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



# „Nú verð ég að vera snöggur“

## 50% afsláttur af lántökugjöldum út júlí

**Íslandsbanki Fjármögnun** hefur tekið upp nafnið **Ergo** og er flutt á Suðurlandsbraut 14. Við bjóðum fjármögnunarleiðir fyrir bíla og ferðavagna og sértækar lausnir við fjármögnun atvinnutækja af öllum stærðum og gerðum.

Notaðu næstu daga til að finna draumabílinn. Ergo hjálpar til með því að veita 50% afslátt af lántökugjöldum út júlí á bílalánum og bílasamningum.

**Reiknaðu með okkur**

**Dæmi**

Þú tekur 3 milljóna króna lán til 7 ára
=> þú sparar 52.500 krónur

Ergo › fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka
Suðurlandsbraut 14 › 155 Reykjavík › sími 440 4400 › www.ergo.is › ergo@ergo.is

ergo

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1087

## KJÖRKASSINN



*Ætlarðu að grilla um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 55% |
| Nei | 45% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu ferðast innanlands í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Bráðabirgðabrúin yfir Múlakvísl hefur reynst frábærlega að sögn vegamálastjóra:

# Nýja brúin verður boðin út í haust

**SAMGÖNGUR** Vonast er til að hægt verði að bjóða út nýju brúna yfir Múlakvísl í haust en hún verður sterkbyggðari en sú sem hlaupið í ánni hreif með sér. Töluverð umferð hefur verið yfir bráðabirgðabrúna frá því að umferð var hleypt á hana í fyrradag. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir umferðina hafa gengið vel.

„Hún hefur gengið bara alveg frábærlega. Það hafa engar uppákomur verið og umferð flotið í báðar áttir hægt og rólega eins og við höfðum vonast til. Fólk tekur tillit til aðstæðna og lækkar hraða og tekur tillit til þeirra sem á móti koma því brúin er einbreið,“ sagði Hreinn í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær.

Hreinn segir að töluvert mikil umferð hafi verið yfir brúna í gær, sennilega á bilinu þúsund til fimmtán hundruð bílar, og von sé á jafnvel enn meiri umferð. Hreinn segir að endanlegur kostnaður við bráðabirgðabrúna liggi ekki fyrir. Hann telur að sá kostnaður hlaupi á tugum milljóna.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, sagði í samtali við Stöð 2 það fagnaðarefni hve hratt og vel hafi gengið að reisa bráðabirgðabrúna. Þá hafi selflutningar skipt sköpum, þannig að ferðaþjónustan hafi ekki farið eins illa út úr hruni brúarinnar og stefndi í fyrst. **- lvp**



**YFIR MÚLAKVÍSL** Umferð yfir Múlakvísl hefur gengið vel frá því að bráðabirgðabrúin var opnuð í fyrradag. MYND/JÓHANNA M. GÍSLADÓTTIR

Reyna að létta á skuldum OR:

# Minjasafnið auglýst til sölu

**ORKUVEITAN Orkuveita Reykjavíkur hefur hafið söluferli á fasteignum sem eru í hennar eigu. Salan er liður í því að létta á skuldastöðu fyrirtækisins.**

**Í Fréttablaðinu í fyrradag var auglýst til sölu rúmlega 1.600 fermetra eign á Rafstöðvarvegi í Elliðaárdal. Þar er Minjasafn Orkuveitunnar til húsa. Orkuveitan hefur líka sett jarðirnar Hvamm og Hvammsvík á sölu.**

**Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir að talsvert hafi verið spurst fyrir um þessar eignir áður en þær hafi verið formlega auglýstar. Orkuveitan geri sér því vonir um að þau tilboð sem berist standi undir væntingum.**

**Hann segir að eignasala skipti töluverðu máli í þeirri áætlun að bæta skuldastöðu fyrirtækisins. Til standi að selja eignir fyrir allt að 10 milljarða króna í þeirri aðgerðaáætlun sem Orkuveitan hafi sett sér. - jhh**

Mótmælendaskip lagt af stað:

# Gæti komið til Gasa strax í dag

**ÍSRAEL, AP** Eitt af skipunum úr skipaflota, sem sigla átti til Gasastrandar, er lagt af stað frá Grikklandi. Grísk stjórnvöld hafa komið í veg fyrir að flotinn sigli af stað.

Nahla Chahal, einn mótmælendanna sem standa að siglingunni, segir að skipið muni nálgast Gasaströnd í dag. Búast má við því að ísraelski herinn stöðvi för þess, eins og gert var þegar sams konar floti sigldi til Gasa á síðasta ári.

Níu tyrkneskir mótmælendur létu þá lífið.

Mótmælendurnir vilja með þessu vekja athygli á einangrun Gasa og reyna að rjúfa hana. **- gb**

# Skerst í odda milli Facebook og Google í netstríðinu mikla

**Tæknifyrirtækin Google og Facebook hafa undanfarið háð hljóðlátt stríð sín á milli um yfirráð í netheimum. Átökin fara nú harðnandi með tilkomu Google+, nýs tengslavefs Google, sem beint er gegn Facebook.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig gengur nýjasta samskiptavefnum sem ætlað er að keppa við Facebook?

Bandaríska tæknifyrirtækið Google hleypti nýverið af stokkunum tengslavefnum Google+ sem er í anda Facebook. Netsérfræðingar telja vefinn stærstu ógnina sem fram hefur komið við Facebook og spá því að hið hljóða stríð sem geisað hefur á milli fyrirtækjanna harðni á næstu misserum.

Google+, sem þýða má sem plúsinn, er þriðja tilraun Google til að koma inn á tengslavefsmarkaðinn en hinar tvær, Buzz og Wave, náðu aldrei flugi. Plúsinn hefur hins vegar farið af stað með miklum krafti. Notendur eru orðnir 10 milljón talsins og fer ört fjölgandi. Það er merkilegur árangur en einungis sextán dagar eru síðan fyrstu notendurnir skráðu sig auk þess sem skráning er enn takmörkuð við þá sem fá boð frá öðrum notendum. Í kjölfarið hefur þeirri spurningu verið velt upp hvort Google hafi búið til Facebook-bana.

Plúsinn er að flestu leyti líkur Facebook. Notendur leita uppi vini sína, fjölskyldu og kunningja og geta auðveldlega deilt með þeim ljósmyndum, áhugaverðum tenglum, myndböndum og þar fram eftir götunum. Helsta nýjung síðunnar er þjónusta sem kölluð er „hangout“ og þýða má sem hittingur. Hittingurinn gerir notendum kleift að spjalla sín á milli notandi vefmyndavél og hljóðnema á mjög þægilegan hátt. Ólíkt flestum öðrum slíkum þjónustum geta fleiri en tveir notendur nýtt sér hana í einu. Vart þarf að taka það fram að Facebook mun brátt opna fyrir svipaða þjónustu. Þá þykir Plúsinn vera notendavænn og auðskiljanlegur fyrir nýja notendur.





**FACEBOOK OG GOOGLE+** Hörð samkeppni er orðin á samskiptavefjunum Facebook og Google+. Síðarnefnda síðan er þriðja tilraun Google til að komast inn á tengslavefsmarkaðinn.

Google og Facebook eru sannkallaðir risar í netheimum en hafa hingað til boðið upp á ólíka þjónustu. Google hefur verið ráðandi leitarvél auk þess að bjóða upp á ýmsa aðra þjónustu. Facebook hefur hins vegar verið langstærsti samskiptamiðillinn við vini og kunningja á netinu.

Fyrirtækin hafa þó sífellt verið að þróa þjónustu sína í átt til samkeppnisaðilans. Þannig gerir Facebook notendum kleift að leita eftir hlutum sem vinir og kunningjar mæla með og er þar með að vissu leyti komin í samkeppni við Google. Google hefur á hinn bóginn verið að reyna að tengja tengslaupplýsingar við leitarvél sína og hefur nú komið sér upp eigin tengslavef.

Þar að auki hafa fyrirtækin átt í harðvítugri baráttu um hæfileikaríkt starfsfólk í Kísildalnum í Bandaríkjunum en reglulega hafa lykilstarfsmenn verið keyptir yfir til samkeppnisaðilans.

Loks hafa fyrirtækin reglulega reynt að bregða fæti fyrir þjónustu hins. Þannig er ekki lengur hægt að færa upplýsingar um tengiliði sína í Gmail-póstþjónustunni yfir á Facebook og heldur ekki hægt að færa upplýsingar um Facebook tengiliði yfir í Gmail. Þá hefur Facebook þegar séð til þess að ekki er hægt að flytja upplýsingar frá Facebook yfir á Plúsinn.

Spennandi verður að sjá hvort Plúsinn nær fótfestu í netheimum. Facebook hefur vitaskuld mikið forskot enn sem komið er en margir telja að Plúsinn geti náð fótfestu og með risann Google á bak við sig hægt og rólega aukið markaðshlutdeild sína. **magnusl@frettabladid.is**




Bresk yfirvöld grípa til aðgerða eftir að poppstjarna varð fyrir heyrúllu og lést:

# Bretar herða reglur um heyrúllur

**LANDBÚNAÐUR** Öryggisreglur er varða meðferð á heyrúllum verða hertar í Bretlandi. Frá þessu var greint á bændafréttavefnum Farmers Weekly í gær. Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, segir einnig ástæðu til að huga að slíkum breytingum hér á landi.

Í kynningarbæklingi sem breska Vinnueftirlitið gaf út segir að margir hafi látist þar í landi eftir að hafa orðið fyrir heyrúllu, sumir eftir að þeir reyndu að stöðva rúllandi heyrúllu. Þær geta vegið á bilinu 600 til 1.200 kíló.

„Þetta hefur líka verið vandamál hér á landi,“ segir Eyjólfur. „Á undanförnum árum hefur orðið eitt banaslys er maður varð fyrir heyrúllu og oft hefur munað mjóu svo þetta er eitthvað sem íslensk stjórnvöld munu skoða,“ segir hann.

Á þriðjudaginn var sagði Fréttablaðið frá því þegar heyrúlla rúllaði niður brekkuna við Kvíaból í Köldukinn, braut fjósvegginn og endaði inni í fjósi hjá nokkrum kúm sem þar voru. **- jse**



**VIÐ HEYSKAP** Hugsanlegt er að íslensk stjórnvöld herði öryggisreglur um heyrúllur eins og verið er að gera í Bretlandi.

### Heyrúlla varð poppstjörnu að bana

Það varð til þess að vekja enn frekari athygli á hættunni sem stafar af heyrúllum þegar Mike Edwards, sellóleikari hljómsveitarinnar ELO, lést eftir að ein slík rúllaði af stað og skall á bifreið sem hann ók eftir hraðbraut þar í grennd. Slysið varð í september síðastliðnum.

Hljómsveitin ELO, eða Electric Light Orchestra, var afar vinsæl frá miðjum áttunda áratugnum og til upphafs þess níunda. Hún lagði upp laupana árið 1986.

ÓDÝRT OG GOTT

# FYRIR BAÐIÐ



Allt settið: 49.900 stgr.

P029 100 x 50 sm



Allt settið: 99.800 stgr.

YTG03 122 x 50 sm



Allt settið: 29.900 stgr.

CORNER B 40 x 40 sm

til afgreiðslu af lager

## ÞVOTTAHÚS innréttingar

Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð





verð frá 58.970 stgr.



Allt settið: 39.900 stgr.

P628 60 x 46 sm



75.900* stgr.

YTG44 95 x 46 sm

*Spegill, hilla, ljós og blöndunartæki ekki innifalin í verði

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað vill Landssamband sauðfjárbænda hækka viðmiðunarverð til bænda mikið?*

**2** *Hvað heitir eigandi blaðsins sáluga News of the World?*

**3** *Hvað heitir ný plata Jóns Jónssonar?*

**SVÖR:**

**1.** *Um 25%* **2.** *Rupert murdoch* **3.** *wait for fate*

Stjórnlagaráð hefur að mestu lokið vinnu að áfangaskjali sínu:

# Drög að frumvarpi í vinnslu

**STJÓRNLAGARÁÐ** Vinnu við áfangaskjal stjórnlagaráðs er að mestu lokið og undirbúningur að drögum að frumvarpi til stjórnskipunarlaga er hafinn. Frumvarpsdrögin verða tekin fyrir á fundi stjórnlagaráðs í vikunni. Fundur ráðsins í síðustu viku var sá síðasti þar sem nefndir lögðu fram tillögur inn í áfangaskjalið.

Stjórnlagaráð samþykkti í síðustu viku tillögu um að kirkjuskipan ríkisins yrði færð í almenn lög í stað þess að kveðið sé á um þjóðkirkjuna í stjórnarskránni. Þá var einnig samþykkt að ef gera skuli breytingar á kirkjuskipan verði það borið undir þjóðaratkvæði.

Samkvæmt áfangaskjalinu getur Alþingi sett inn ákvæði um að hægt sé að kjósa á Alþingi þvert á lista. Þá verður framboð að ná fjögurra prósenta fylgi til að ná inn þingmönnum. Einnig var samþykkt að aðeins megi binda ákveðnum kjördæmum tvö af hverjum fimm þingsætum.

Lagt er til í áfangaskjalinu að fjármálaráðherra þurfi að leita samþykkis fjárlaganefndar fyrirfram fyrir útgjöldum utan fjárlaga. **- þeb**



**Á STJÓRNLAGARÁÐI** Stjórnlagaráð tekur frumvarpsdrög fyrir á fundi í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Víkingar í Eyjafirði:

## Fjöldi fólks sótti Gása heim

**FÓLK** Hundruð manna voru samankomin á Miðaldadögum sem fram fóru á Gásum við Hörgárósa í Eyjafirði um helgina. Stemningin var góð enda veður prýðilegt.

Í gær fóru fram skylmingar en í fyrradag var rennisteinshreinsun og kolagröf. Þá var unnið að smáhandverki, spilaður knattleikur og fólk reyndi sig við axarkast, bogfimi og steinakast auk þess að aðstoða við kaðalgerð. Gásir voru helsti verslunarstaður Norðurlands á 13. og 14. öld. **- jhh**

Greint frá nýrri rannsókn:

## Fundu nýtt krabbameinsgen

**VÍSINDI** Fundist hefur gen sem er tengt 70 prósentum af krabbameinum sem erfitt er að meðhöndla með hormónameðferðum. Genið fannst við rannsókn sem greint er frá í vísindaritinu Nature.

Notuð var ný tækni þar sem hundruð gena eru prófuð í einu, í stað þess að prófa eitt í einu eins og venjan er. Vísindamenn segja að þessi genafundur geti skipt gríðarlega miklu máli ef hægt verður að þróa lyf út frá honum. Hormón geta ýtt undir stækkun krabbameinsæxla og því hafa verið notuð lyf sem hindra slíkt ferli.

Allt upp undir þriðjungur brjóstakrabbameina er hins vegar ekki af völdum hormóna og þess vegna virka fyrrnefnd lyf ekki í slíkum tilfellum. Í þeim tilfellum skortir úrræði. **- jhh**

Harðar árásir á Trípolí:

## Hergeymslur eyðilagðar

**LÍBÍA, AP Herþotur á vegum NATO sprengdu snemma í gærmorgun vopnabúr og geymslur stjórnarhersins í austurhluta Trípolí, höfuðborgar Líbíu. Einnig var sprengjum varpað á fleiri skotmörk í borginni, þar sem æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafast við.**

**Uppreisnarsveitir áttu einnig í hörðum átökum við stjórnarher Múammars Gaddafí í olíuborginni Brega austan til í landinu. Hvorki uppreisnarherinn né liðsmenn Gaddafís virðast þó ná að brjótast út úr þeirri pattstöðu sem ríkt hefur í hernaðinum mánuðum saman.** **- gb**

# Íslenskir prestar bjarga sóknum í Norður-Noregi

**Skortur er á prestum í nyrðri héruðum Noregs. Starfsmannastjóri Niðaróssbiskupsdæmis hefur kynnt starfsaðstæður íslenskum prestum. Séra Arnaldur Bárðarson býst við bylgju íslenskra presta til Noregs.**

**NOREGUR** Vegna prestaskorts líta Norðmenn nú til Íslands í leit sinni að þjónum kirkjunnar. Starfsmannastjóri Niðaróssbiskupsdæmis, Steinar Skomedal, kom til Íslands síðastliðið haust og kynnti um leið starfsaðstæður í Noregi fyrir íslenskum prestum og guðfræðingum.

„Við höfðum fengið fyrirspurnir frá Íslandi og þar sem ég átti erindi til Íslands spurði ég biskup Íslands hvort ég gæti ekki haldið kynningarfund um leið. Ég lagði áherslu á að við ætluðum ekki reyna að ná í duglega presta frá Íslandi, heldur gæti þetta verið tækifæri fyrir atvinnulausa presta. Það komu talsvert margir á þann fund,“ segir Skomedal.

Hann segir prestaskort einkum vera í nyrðri héruðum Noregs þar sem nýútskrifaðir guðfræðingar sæki helst um stöður nálægt Ósló og öðrum stórum borgum. Samkvæmt fyrirsögnum norskra fjölmiðla hafa íslenskir prestar bjargað sóknum í Norður-Noregi.

„Það hafa fimm íslenskir prestar ráðið sig til starfa í okkar biskupsdæmi og við erum mjög ánægð með þá sem hafa komið,“ bætir Skomedal við.

Arnaldur Bárðarson er einn þeirra íslensku presta sem starfa í sóknunum kringum Þrándheim. Þangað kom hann í janúar 2010 eftir að hafa þjónað sem prestur í íslensku þjóðkirkjunni í fjórtán ár, síðast í Glerárkirkju á Akureyri.



**VIÐ SÓKNARKIRKJUNA** Arnaldur Bárðarson við kirkjuna í Hemne þar sem hann hefur þjónað síðan í ársbyrjun 2010.

„Ég var búinn að ákveða að fara í námsleyfi á þessum tíma en þau voru felld niður í kreppunni. Ég ákvað samt að breyta til og sótti um hér í Niðaróssbiskupsdæmi. Mér líkar afskaplega vel hér í Hemne og ég sé ekki fram á að ég komi aftur til starfa á Íslandi,“ greinir Arnaldur frá.

Hann kveðst hafa verið að brenna út í starfi sínu í Glerárkirkju. „Félagsleg vandamál fólks voru orðin svo mikil. Það var erfitt að taka á móti fólki á skrifstofunni og heyra sorgarsögur þeirra sem voru að missa vinnuna sína og húsin sín og áttu ekki fyrir mat. Ég gat rétt þeim kort frá Hjálparstarfi kirkjunnar með nokkurra þúsunda króna inneign til þess að kaupa nauðþurftir fyrir næstu daga. Ég þoldi þetta ekki. Við bjuggum í landi sem ætti að geta verið ríkasta land heims miðað við náttúruauðlindir. Ég gat ekki horft upp á þetta óréttlæti.“

Arnaldur var reiður þegar hann fór frá Íslandi. „Mér er runnin reiðin en ég finn enn til með þeim sem eiga í erfiðleikum og einkum þegar ég ber saman ástandið við veruleikann hér í Noregi. Hér lækka lánin þegar maður greiðir af þeim, öfugt við það sem gerist á Íslandi. Ég keypti mér bíl við komuna hingað og lánið sem ég tók í sparisjóðnum er að hverfa. Ég er með tvöfalt hærri laun sem prestur hér en heima á Íslandi. Konan mín sem var sérkennari á Íslandi er nú kennari innan kirkjunnar hér og hennar laun eru þrefalt hærri en á Íslandi. Mánaðarleiga fyrir hús hér úti á landsbyggðinni er 60 til 80 þúsund íslenskar krónur. Hér er hægt að lifa ódýrt.“

Norskt samfélag er afar fjölskylduvænt, að sögn Arnaldar. „Vinnutíminn er miklu styttri. Lyflæknisþjónusta og tannlækningar eru gjaldfrjálsar fyrir börn undir 16 ára aldri og það munar um slíkt þegar börnin eru fimm eins og í okkar fjölskyldu.“

Íslenski presturinn í Hemne segir gott að vera þjónn norsku kirkjunnar. „Það er vel séð fyrir öllu. Fólkið er elskulegt og það lítur ekki á Íslendinga sem útlendinga.“

Arnaldur telur að í öllum Noregi starfi nú um tíu íslenskir prestar. „Það eru nokkrar umsóknir í gangi og nokkrir eru að hugsa sig um. Ég held að það komi bylgja af íslenskum guðfræðingum hingað. Atvinnumöguleikarnir fyrir þá eru litlir á Íslandi.“ **ibs@frettabladid.is**




VitrA GÆÐI
Designed by Lovegrove
Vitra Mod 19.900,-
10.900,- Vitra Slope
S50 line
5.590,-
S20 line 50 cm handlaug
verð án keramik hlífar
Minimax-S
blöndunartæki
8.990,-
25.900,-
Vitra
Grand Scandinavia m. setu
VitrA QUALITY
AQUA 35cm
12.900,-
Sunrise
VitrA QUALITY
S20 line
S20 line
43 cm handlaug
margar stærðir
6.990,-
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ill meðferð á dýrum er smánarblettur á samfélagi okkar.

## Velferð dýra í fyrirrúmi

Drög að nýju frumvarpi til laga um velferð dýra, sem Fréttablaðið hefur sagt frá, taka á mörgum gloppum í núverandi löggjöf og margs konar vanrækslu og illri meðferð á dýrum sem því miður viðgengst í samfélagi okkar, sem á þó að heita siðað.

Alltof algengt er að lesa fréttir af skelfilegri meðferð á skepnum í sveit, af hendi fólks sem hefur þó atvinnu af ræktun þeirra. Sveitarfélög og eftirlitsstofnanir virðast oft hafa furðu bitlaus úrræði til að taka á vanrækslunni og sóðaskapnum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það virðist sömuleiðis fara í vöxt að fólk í þéttbýli umgangist gæludýr sem einhvers konar leikföng sem hægt er að henda þegar maður er orðinn leiður á þeim. Alltof algengt er að fólk losi sig við til dæmis ketti og kanínur með því að sleppa þeim á víðavangi, þar sem er allsendis óvíst að dýrin geti bjargað sér.

Í greinargerð með frumvarpinu er nefnt eitt dæmi sem margir átta sig sennilega ekki á að sé ill meðferð á dýrum; að gefa þau í tækifærisgjöf (svín og kalkúnar eru nefnd sérstaklega) fólki sem hefur hvorki aðstæður til né áhuga á að halda þau. Þetta þykir víst stundum fyndið, en er í raun mannvonzka.

Á öllu þessu og mörgu fleiru er tekið í frumvarpsdrögunum. Meðal stórra breytinga er að fella tvenn lög, sem til þessa hafa gilt um málaflokkinn, saman í ein og einfalda stjórnsýsluna í kringum hann. Þannig mun Matvælastofnun nú bera meginábyrgð á eftirliti með búfjárhaldi og aðgerðum gegn skepnueigendum sem ekki fara eftir lögum og reglum. Fá á stofnuninni skilvirkari þvingunarúrræði til að knýja fram úrbætur á aðbúnaði dýra. Þar á meðal er að svipta bændur sem fara illa með skepnur opinberum styrk.

Allur búrekstur með skepnum, svo og annað skepnuhald í atvinnuskyni, til dæmis starfsemi tamningamanna, verður starfsleyfisskyldur, verði frumvarpsdrögin að lögum. Tilgangurinn er að menn sýni fram á að þeir séu færir um að halda skepnur áður en þeir fá leyfi til að hafa af því atvinnu. Þessi og ýmis önnur ákvæði frumvarpsins þykja bæði sauðfjárbændum og hestabændum íþyngjandi, ef marka má ummæli þeirra hér í Fréttablaðinu. Kristinn Guðnason, formaður Félags hrossabænda, sagði í laugardagsblaðinu að núverandi lög og reglugerðir ættu að duga til að taka á fáeinum svörtum sauðum í stéttinni, ef þeim væri aðeins beitt rétt og af röggsemi.

Ástæða er til að skoða vel þessar athugasemdir þegar frumvarpsdrögin fara í umsagnarferli. Ef hægt er að ná markmiðum um velferð dýra án aukins eftirlits og kostnaðar, er það auðvitað æskilegt. Einhverra hluta vegna virkar núverandi kerfi þó ekki sem skyldi og fólk sem augljóslega er ekki hæft til að halda skepnur fær að níðast á þeim, jafnvel árum saman, án þess að stjórnvöld grípi inn í.

Hér á velferð dýranna að vera í fyrirrúmi, ekki hagsmunir búskussanna. Ill meðferð á dýrum er smánarblettur á samfélaginu sem við eigum að leitast við að afmá.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Upphrópanaumræðan

Rökleysi virðist vera orðið boðorð dagsins í umræðu og enginn þarf lengur að færa rök fyrir máli sínu. Upphrópanir eru nóg og því hærra sem hrópað er því betra. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, hvatti neytendur um helgina til að sniðganga lambakjöt vegna tillögu um fjórðungshækkun á viðmiðunarverði til bænda. Í stað þess að taka umræðu um landbúnað á Íslandi, styrkjakerfi til bænda og hag neytenda, ákvað Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, hins vegar að grípa til upphrópana. Sniðgöngum Gylfa, segir Ásmundur, hann sé nefnilega Samfylkingarmaður. Svona umræða er ekki líkleg til að skila neinu, nema reyndar smáumfjöllun í fjölmiðlum.

### Vinsæll hjá West Ham?



Eiður Smári Guðjohnsen er á leið til Grikklands að leika fótbolta. Lengi vel leit út fyrir að hann væri á leið til West Ham, en það breyttist á síðustu stundu. Þetta er í annað sinn sem Eiður er á leið til West Ham en hættir við. Líklega er hann ekki sá vinsælasti hjá stuðningsmönnum liðsins nú um mundir.

### Hetja óskast



Vandræðagangur kirkjunnar manna ríður ekki við einteyming og nú hefur Prestafélag Íslands óskað eftir fundi með Karli Sigurbjörnssyni biskup og Pétri Hafstein, forseta kirkjuþings. Kirkjan virðist ekki vita í hvorn fótinn hún á að stíga í kjölfar rannsóknarskýrslu kirkjunnar. Sama hver niðurstaðan verður hlýtur að viðurkennast að tími hetjanna virðist liðinn. Biskup hafði færi á að verða slík hetja í viðbrögðum sínum við skýrslunni. Kannski er það færi ekki runnið honum úr greipum.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Högg á versta tíma

Ferðaþjónusta



Sigríður Dögg Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls

Frá því að jökulhlaupið eyðilagði brúna yfir Múlakvísl hefur tekist á ótrúlega stuttum tíma að gera nýja brú og þar með lágmarka tjón ferðaþjónustunnar á Suðausturlandi. Þetta er fagnaðarefni. Vegagerðin, lögregla, björgunarsveitir og aðrir sem hafa komið að verkinu hafa staðið sig með mikilli prýði en margir þeirra voru kallaðir heim úr fríum.

Hálf milljón ferðamanna kom til Íslands 2010. Gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar eru fimmtungur af heildargjaldeyristekjum þjóðarbúsins og er ferðaþjónustan orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar. Þarna á bak við eru þúsundir einstaklinga sem eiga raunverulegra hagsmuna að gæta.

Vart hefur orðið í umræðunni við þau sjónarmið að ferðaþjónustan hafi gert of mikið úr tapi vegna rofs hringvegarins og gengið of hart fram í kröfum um aðgerðir til að tryggja samgöngur. Athuga verður að mikið var undir fyrir fyrirtæki á svæðinu enda sumarið háannatími í ferðaþjónustunni og júlí langstærsti mánuðurinn. Hver tapaður dagur hefur miklu meiri áhrif en ef slíkt gerðist um hávetur. Ferðaþjónustufyrirtæki vinna í haginn fyrir sumarið og er það mikið áfall ef sá tími nýtist ekki. Það var því ekki úr lausu lofti gripið að tjónið kynni að nema tugum eða hundruðum milljóna. Samkvæmt tölum frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði myndi 10% fækkun ferðamanna í júlí leiða til 100 milljóna tekjuskerðingar fyrir ferðaþjónustuaðila og önnur fyrirtæki í Hornafirði. Ferðaþjónustufyrirtæki eru flest smá í sniðum, oft einyrkjastarfsemi eða fyrirtæki með fáa starfsmenn. Rekstrartap vegna náttúruhamfara er allajafna ekki bætt, þar sem fyrirvarar eru gerðir við slíkt af hálfu tryggingarfélaga. Þarna er um að ræða raunverulegt fólk sem missir tekjur þegar það síst má við. Hvert umfang tapsins var á eftir að koma í ljós en við blasir að það var lífsspursmál fyrir fyrirtæki á svæðinu að brugðist yrði hratt við, eins og gert var.

Hringvegurinn er lífæð ferðaþjónustu á landsbyggðinni og gríðarlegt hagsmunamál að hann sé opinn. Það er aldrei hægt að fyrirbyggja náttúruhamfarir á borð við þær sem hafa riðið í ár og í fyrra, en mikilvægt að í slíkum tilfellum séu viðbrögðin fumlaus, allir vinni samhent að því að lágmarka skaðann og samhugur ríki um þá miklu hagsmuni sem um er að tefla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Útilegumaður deyr

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Andlát Sævars Ciesielski táknar ekki endalok Geirfinns- og Guðmundarmála. Málinu lauk ekki þegar Sævar og nokkur önnur ungmenni játuðu á sig sakir – alls konar sakir, allar þær sakir sem þeim var gert að játa og meira til svo að úr varð ein allsherjar játningaflækja sem þýskur lögreglumaður á eftirlaunum var látinn greiða úr. Málinu lauk ekki heldur þegar þau voru dæmd og því lauk ekki þegar þau voru búin að afplána dóminn: þessu máli lýkur ekki fyrr en það verður tekið upp á ný af réttbærum yfirvöldum og það leitt til lykta á þann hátt að íslenskt samfélag geti horfst í augu við sjálft sig og sagt, áminnt um sannsögli, að þessir tilteknu þegnar þess hafi loksins fengið réttláta málsmeðferð.

Andlát Sævars Ciesielski er einungis áminning um að enn grúfir þetta mál yfir okkur óuppgert – enn klórum við okkur í hausnum ráðþrota yfir málinu og eigum erfitt með að sætta okkur við lausn málsins.

Hvaða máls? Tveir menn hurfu. Þeir áttu það eitt sameiginlegt að fyrsti stafurinn í nafninu þeirra var G en hafa verið spyrtir saman æ síðan. Annar þeirra var að koma snöggklæddur og ölvaður af balli í Hafnarfirði og sást reika um í vetrarkuldanum á Reykjavíkurveginum að reyna að stöðva bíla – hinn fékk símtal og þurfti aðeins að skreppa en kom aldrei aftur.

Þar með lýkur raunverulegri vitneskju okkar um afdrif þessara manna. Engin tengsl voru milli þeirra og ungmennanna sem dæmd voru fyrir að hafa orðið þeim að bana. Engin lík fundust. Engin ástæða fannst. Enginn ásetningur var leiddur í ljós. Engin tengsl fundust milli þessara tveggja mannshvarfa. Engin morðvopn – raunar engin morð; engin sönnun fannst fyrir því að þeim hefði yfirleitt verið ráðinn bani. En það komu sem sé fram játningar eftir einangrun í gæsluvarðhaldi og alls kyns harðræði.

**Dómsmorð**

Þær játningar sem byggt var á við dómsuppkvaðningu í málinu voru þess eðlis og fengnar fram með þeim hætti að það hlýtur að teljast undrunarefni að þær skuli hafa verið lagðar til grundvallar þegar Hæstiréttur dæmdi ungmennin fyrir manndráp af gáleysi. Til samanburðar má geta þess að nýlega sýknaði Héraðsdómur nokkra menn í svokölluðu Exeter-Holding-máli á þeim forsendum að jafnvel þótt sannað þyki að þeir hafi brotið verklagsreglur við ákvarðanir um útlán bankans liggi ekki fyrir sönnun um að það hafi verið af ásetningi; þessir menn hafi sem sé auðgast um nokkra milljarða á kostnað almennra sparifjáreigenda í ógáti; þetta hafi verið nokkurs konar gróði af gáleysi…

Þannig er þeirra réttlæti. Þess nutu Sævar og hin ungmennin aldrei á sínum tíma. Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, tjáði sig býsna afdráttarlaust um þetta í ræðustól Alþingis í október 1998 og ætli þau ummæli svo háttsetts manns í samfélaginu hljóti ekki að teljast það næsta sem Sævar komst því að fá uppreisn æru:

„Ég segi það fyrir mig persónulega að mér urðu mikil vonbrigði að Hæstiréttur skyldi ekki séð sig geta haft lagaskilyrði til að taka Geirfinnsmálið upp á nýjan leik. Ég hef fyrir mitt leyti kynnt mér þetta mál rækilega í gegnum tíðina og tel að þar hafi mönnum orðið á í messu í stórkostlegum mæli á nánast öllum stigum málsins. Ég held að þó það hefði verið mjög sársaukafullt fyrir íslenska dómstólakerfið, þá hefði það verið gott og nauðsynlegt, hundahreinsun fyrir okkur ef nota má það óvirðulegt orð, að fara í gegnum það mál allt og með hvaða hætti það var unnið. Þeir sem hafa kynnt sér það mál rækilega geta ekki annað en sagt að þar var víða pottur brotinn […] Það var ekki aðeins eitt dómsmorð framið á allri þessari vegferð, þau voru mörg dómsmorðin sem framin voru á þessari vegferð allri og það er mjög erfitt fyrir okkur að búa við það."

**Engin fermingarveisla**

Sérstakur saksóknari sem skipaður var við meðferð Hæstaréttar á beiðni Sævars um endurupptöku málsins, Ragnar Hall, sagði háðslega þegar þeirri beiðni var hafnað að þetta væru svo sem ekki neinir kórdrengir sem hefðu verið sóttir í fermingarveislu.

Hann átti við að þetta hefðu verið illmenni og þess vegna fengið makleg málagjöld hvað sem sekt liði í þessu tiltekna máli. Þannig var viðhorf valdsins alla tíð: mátulegt á pakkið. Þessir krakkar voru guðslömbin sem tóku á sig syndir heimsins. En þetta var óvart alveg rétt hjá þessum fulltrúa valdsins: Sævari Ciesielski stóð aldrei til boða að gerast kórdrengur.

Líf hans var fjarri því að líkjast fermingarveislu – en farmurinn sem hann bar með sér um sína daga var þungur. Hann var hrakinn, smáður og fyrirlitinn frá fyrstu tíð og þurfti að beita klækjum til að komast af. Strax sem barn er hann sendur í útlegð á hið alræmda drengjafangelsi sem rekið var í Breiðavík. Um tvítugt er hann smákrimmi í Reykjavík með listamannsdrauma – langar að að læra kvikmyndagerð. Þá kemst upp um ávísanamisferli af því tagi sem íslenskir smákrimmar sérhæfðu sig í og hinn langi armur laganna læsir krumlum sínum í hann.

Hann slapp ekki undan honum fyrr en hann gekk frjáls maður út úr fangelsi mörgum árum síðar. Um hríð barðist hann hetjulega fyrir því að hreinsa nafn sitt og ekki var hægt annað en að dást að elju hans og þreki í þeirri baráttu. En öllum umleitunum hans var hafnað af hinu gráa valdi, og loks gafst hann upp á þessu samfélagi.

Undir lokin var hann kominn á þann stað þar sem samfélagið vildi alla tíð hafa hann: utangarðs, orðinn útilegumaður á ný.

**AF NETINU**

### Sævar varð fyrir pyntingum

Ég kynntist honum á Litla Hrauni rétt eftir 1980 og urðum við ágætis kunningjar. Strax þá talaði hann um að hann væri saklaus af þeim ákærum sem hann var dæmdur fyrir. Hann sat í tvö ár í einangrun. Tvö ár í einangrun er í raun svo hræðileg pynting að engin orð ná utan um það. Hvað þá ef lyf eru mulin ofan í matinn þinn og þér haldið vakandi, kaffærður í skolpfötu, hótað og hafður í járnum. Allt þetta þurfti Sævar að þola rétt rúmlega tvítugur. Hann var eyðilagður sem manneskja þennan tíma sem hann var í einangrun.

pressan.is/pressupennar/Bubbi-Morthens

**Bubbi Morthens**

### Ráðherra hvattur til aðgerða

Við erum því miður þegar búin að sýna að réttlætið tók skemmri tíma fyrir Jón Hreggviðsson á sautjándu öld en Sævar Ciesielski á okkar dögum. Það er okkar skömm. Bæði mín og þín skömm, Ögmundur. En nú höfum við sýnt hvað við getum. Lögfræðingar þínir eru varla ódeigari en vegagerðarmennirnir. Ræstu þá út, Ögmundur, og ljúkum málinu!

blog.eyjan.is/illugi

**Illugi Jökulsson**





OUTLET
Kauptúni GARÐABÆ
Allt að 80% afsláttur
Höfum opnað OUTLET í hluta verslunar okkar BYKO Kauptúni
BYKO
Opnunartímar í Kauptúni:
Mán.-Fös.: 08:00 - 18:00
Laugardaga: 10:00 - 17:00
Sunnudaga: 11:00 - 17:00

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**NELSON MANDELA** er 93 ára í dag.
*„Menntun er besta vopnið til að breyta heiminum.“*

## Merkisatburðir

64 Eldur kviknar í Róm og brennur í níu daga. Sagt var að Neró keisari hefði leikið á hörpu á meðan eldarnir geisuðu.

1918 Undirritaðir eru samningar milli Íslands og Danmerkur um frumvarp til sambandslaga milli landanna tveggja. Frumvarpið var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 19. október um haustið og gekk í gildi 1. desember. Varð þá Ísland sjálfstætt, frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku.

1925 Minningabók Adolfs Hitler, Mein Kampf, kemur út í Þýskalandi.

1931 Hafin er bygging verkamannabústaða við Hringbraut, Bræðraborgarstíg og Ásvallagötu í Reykjavík.

1963 Gasverksmiðjan Ísaga við Hlemmtorg í Reykjavík brennur. Miklar sprengingar urðu í brunanum og skemmdust nálæg hús.

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar og bróður,*

**Georgs Guðna Haukssonar.**

Sigrún Jónasdóttir
Elísabet Hugrún Georgsdóttir
Guðrún Gígja Georgsdóttir
Tómas Kolbeinn Georgsson
Hrafnkell Tumi Georgsson
Jón Guðni Georgsson
Karitas Jónsdóttir
Haukur Tómasson
Sigrún Hauksdóttir

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ástþór Sveinn Markússon**
Aðallandi 3,

andaðist fimmtudaginn 14. júlí á Landspítalanum við Hringbraut.

Halldóra Gísladóttir
Ólafur Svavar Ástþórsson
Ásta Guðmundsdóttir
Anna Guðlaug Ástþórsdóttir
Hallgrímur G. Magnússon
Ásta Ástþórsdóttir
Gunnar Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alma Anna Þórarinsson**
**f. Thorarensen**
læknir, síðast til heimilis að Laugarásvegi 36, Reykjavík,

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 9. júlí sl., verður jarðsungin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 19. júlí kl. 13.00.

Þórarinn Hjaltason
Halla Halldórsdóttir
Oddur Carl Gunnlaugur Hjaltason
Ingibjörg H. Jakobsdóttir
Sigríður Hjaltadóttir
Þórir Ragnarsson
Hrólfur Hjaltason
Gunnlaug Hjaltadóttir
ömmubörn og langömmubörn.

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---

**ÞETTA GERÐIST** 18. JÚLÍ ÁRIÐ 1984

## Fyrsta konan flýgur Boeing 747

Þennan dag árið 1984 komst Beverly Lynn Burns á spjöld sögunnar sem fyrsta konan í heiminum til að verða flugstjóri Boeing 747-vélar. Burns fór jómfrúarferðina fyrir flugfélagið People Express frá Newark-flugvellinum í New York til Los Angeles.

Beverly á glæstan feril að baki en hún settist í helgan stein í febrúar 2008 eftir tuttugu og sjö ár í bransanum. Á meðan hún starfaði fyrir People Express stjórnaði hún flugvélum á borð við Boeing 737, 727 og 747. Seinna þegar flugfélagið var sameinað Continental Airlines árið 1987 bætti hún DC-9, DC-10, Boeing 757 og 767 á ferilskrána. Í maí 2001 gerðist hún svo flugstjóri á tæknivæddustu flugvél þess tíma, Boeing 777.

Fyrir afrek sín í flugi hefur Beverly unnið til margra verðlauna. Árið 1985 hlaut hún Amelia Earhart-verðlaunin fyrir hið sögulega fyrsta flug og sama ár heiðraði öldungadeildarþingmaður New Jersey, Frank R. Lautenberg, hana og sagði að hún hefði opnað dyr fyrir milljónir bandarískra kvenna í flugheiminum. Þá fékk hún bréf frá þáverandi forseta Bandaríkjanna, Ronald Reagan, þar sem hann óskaði henni til hamingju.



---

GARÐARSHÓLMI, MIÐSTÖÐ FRÆÐA- OG MENNINGAR: ÝTT ÚR VÖR Á HÚSAVÍK

# SPRAUTAR LÍFI Í BYGGÐIRNAR

Garðarshólmi, miðstöð fræða og menningar undir merkjum sjálfbærrar þróunar, verður ýtt úr vör á Húsavík í dag. Verkefnið verður kynnt almenningi með ýmsum hætti en formleg opnun verður árið 2015.

Miðstöðin verður til húsa í gömlu síldarverksmiðjunni á hafnarbakka Húsavíkur. Markmið hennar er að stuðla að rannsóknum og fræðslu um málefni sem snerta sambúð manns og náttúru; hvernig hvort mótar hitt og hvernig má horfa til fortíðar og skapa þannig öflugt og lífvænlegt samfélag til framtíðar.

„Markmiðið er að kafa ofan í það hvernig við eigum að fara að því að lifa á þessari jörð í framtíðinni án þess að éta hana undan okkur,“ segir Sigurður Eyberg, verkefnastjóri Garðarshólma, og heldur áfram: „Kjarninn í húsinu verður sýning sem rekur sögu manns og náttúru á Íslandi alveg frá því að Garðar Svavarsson nam land á Húsavík. Það sem gerir svæðið í kringum Húsavík merkilegt er að við getum rakið það algerlega í landslaginu hvernig sagan þróaðist; hvaða áhrif maðurinn hefur haft á umhverfi sitt og hvaða áhrif umhverfið hefur haft á manninn, söguna og menninguna.“

Sigurður segir stefnt að því að gera glæsilega sýningu sem stenst alþjóðlegan samanburð enda verður hún að laða að. Þá segir hann gert ráð fyrir aðstöðu til bæði rannsókna og fræða og að miðstöðinni sé ætlað að sprauta lífi í hnignandi samfélög fyrir norðan. „Húsið verður auk þess nýtt sem funda-, veislu-, kaffi- ráðstefnu-, og menningarhús.“

Garðarshólmi hefur verið í þróun um nokkurt skeið og verður enn um sinn. Verndarar hans eru Karl Gústav XVI. Svíakonungur og Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands en meðal samstarfs- og stuðningsaðila eru Háskóli Íslands, Kaupmannahafnarháskóli, Háskólinn í Stokkhólmi, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og Swedish National Heritage Board svo fáeinir séu nefndir.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mun sjósetja verkefnið klukkan 17 í dag en að auki munu Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins, Anders Ljunggren, sendiherra Svíþjóðar, Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings og Kirsten Hastrup, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla ávarpa samkomuna. Á morgun verður svo fyrirlestraröð tengd miðstöðinni þar sem fjölmargir erlendir og innlendir fræðimenn stíga á stokk. Þá verður Garðarsstofa starfrækt á meðan á siglingarhátíðinni Sail Húsavík og Mærudögum stendur en þar gefst almenningi kostur á að kynna sér þá starfsemi sem verður í Garðarshólmi og koma með frekari tillögur.

vera@frettabladid.is




**OPNAR FORMLEGA ÁRIÐ 2015** Miðstöðin hefur verið í þróun um nokkurt skeið og verður enn um sinn. Á innfelldu myndinni er Sigurður Eyberg verkefnastjóri Garðarshólma.

---

# Áfangi í sögu vinnuvélasafns

Fyrsta skóflustunga var nýlega tekin að gestamótttöku vinnuvélasafns að Skútum í Hörgárbyggð. Það gerðu í sameiningu Valgerður Sigurbergsdóttir, matráðskona hjá Skútabergi á Akureyri, og Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar.

Safnið mun heita Konnasafn eftir eiginmanni Valgerðar, Konráði Vilhjálmssyni vélamanni sem lést í febrúar síðastliðnum. Hann hóf söfnun vinnuvéla fyrir mörgum árum og kunni sögu hverrar og einnar sem skráð var jafnóðum.

Konráð vissi að með safninu yrði saga vinnuvéla á Íslandi varðveitt og þar með saga framkvæmda og ræktunar. Fjölskyldan heldur uppi merki hans. Hún stefnir að því að fjölga enn fágætum vélum og myndum og koma þaki yfir safngripina á næstu misserum.

Heimasíða safnsins er www.vinnuvelasafn.is. - gun



**AÐ SKÓFLUSTUNGU AFLOKINNI** Fjölskylda Konráðs Vilhjálmssonar við væntanlegan byggingarstað á Moldhaugnahálsi, í landi Skúta í Hörgárbyggð. MYND/GUN



**Antique Annie Doll Pillow** heitir þessi púði eftir Thomaspaul. Hann er innblásinn af gömum postulínsbrúðum og dúkkulísum og fæst í netversluninni www.2modern.com.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473










**Elísabet Alma Svendsen stílisti eyðir sumardögum úti í garði þar sem hún grillar og ræktar kryddjurtir.**

# *Skjólgóður blettur í miðbæ Reykjavíkur*

Það er mikið skjól í garðinum og sól allan daginn þannig að á sólardögum reyni ég að vera eins mikið þar og ég get,“ segir Elísabet Alma Svendsen stílisti, en hún býr í miðbæ Reykjavíkur.

Garðurinn er snotur bakgarður og Elísabet og fjölskylda hennar hafa nýlega hellulagt hluta af honum. Hún segist vera byrjuð að spreyta sig á ræktun kryddjurta.

„Auk þess er ég með jarðarberjaplöntur í garðinum og rabarbara en það má segja að við séum duglegust að grilla. Okkur líður mjög vel hér úti, drengurinn minn í göngugrindinni sinni og ég í kryddjurtapottunum.“ **juliam@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**Frida** heitir þessi rómantíski borðlampi frá Perch. Hann minnir helst á vatnskönnu með skermi og gæti allt eins verið heimatilbúinn.












Galli & Perico hönnuðu þennan morgunverðarbakka árið 1995 fyrir Magis og þá úr beyki. Nú í ár kom bakkinn aftur á markað og þá einnig í þessum fallega rósavið. Bakkann má vel nota úti í garði.

# Lúxushönnun fyrir garðinn

**Líkt og hægt er að láta sig dreyma um margar vikur af sólardögum má einnig láta hugann reika til lúxusgarðhúsgagna og skoða hvað fremstu hönnuðir heims eru að gera á því sviði.**

Garðhúsgögn sem húsgagnaframleiðandinn Magis setur í framleiðslu vekja gjarnan mikla eftirtekt. Má þar nefna hönnun franska hönnuðarins Pierre Paulin sem lést á þarsíðasta ári, 82 ára að aldri, en stóll hans, Flower Outdoor, fór í framleiðslu sama ár og hönnuðurinn lést.

Þá eru fleiri hönnuðir með ýmiss konar spennandi mublur í garðinn í framleiðslu hjá Magis.

*juiliam@frettabladid.is*



Garðstóll Pierre Paulin sem Magis hóf framleiðslu á árið 2009. Stóllinn kallast Flower Outdoor. MYND/ÚR EINKASAFNI



Þessi fallegi fuglabakki er ekki nýr af nálinni en alltaf jafn skemmtilegur. Jasper Morrison hannaði hann árið 2001 og má til að mynda hengja bakkann í tré.







Húsryk er fjölbreytt blanda af ýmiss konar efnum sem eru breytileg frá einu húsi til annars. Rykið getur meðal annars innihaldið þræði úr fötum, gólfteppum og öðrum ofnum efnum, húðflögur af fólki og dýrum, bakteríur og fæðuleifar.



**www.visindavefurinn.is**






# FASTEIGNIR.IS

29. TBL. 18. JÚLÍ 2011

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ



KÍKTU INNÁ WWW.LANDMARK.IS – ÖFLUGUR HÓPUR SÖLUMANNA!

LANDMARK

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali

Inná www.landmark.is er hægt að panta verðmat eða setja í sölu.
...Og við höfum samband um hæl!
Landmark fasteignasala
- Þú hringir – við seljum!



RE/MAX Senter



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar eignir á skrá í 101 miðbæ Rvk

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011




Fasteignin stendur við Krókavað 18 í Árbæ. Þaðan er stutt í leikskóla, skóla og ýmsa þjónustu.

# Hæð og bílskúr á rólegum stað

**Fasteignasalan Torg er með á skrá fjögurra hæða sérhæð með bílskúr í Árbæ.**

Hæðin er skráð 127,5 fermetrar og bílskúrinn er 41 fermetri, í húsnæði við Krókavað 18 í Árbæ.

Gengið er upp steyptar tröppur hægra megin við bílskúrinn upp á hæðina. Þar er komið upp á stórar svalir sem eru ofan á bílskúrnum.

Þegar komið er inn úr forstofu er gengið inn í stórt alrými á hægri hönd. Eldhús er í alrými ásamt borðstofu, stofu og sjónvarpsholi. Þessum rýmum má raða upp eins og best hentar en borðstofan er hugsuð fyrir framan eldhúsið, stofan þar við hliðina út við glugga og sjónvarpshol næst herbergisganginum.

Baðherbergi er rúmgott með baðkari og sturtuklefa. Hjónaherbergi er inni á svefnherbergisgangi ásamt hinum herbergjunum, þvottahúsi og baðherbergi. Barnaherbergi eru tvö, bæði stór og rúmgóð. Þvottaherbergi er flísalagt með vinnuborði og vaski.

Bílskúr er 41 fermetri í heildina en honum má skipta niður í 32,3 fermetra bílskúr og 8,7 fermetra geymslu.

Hverfið er barnvænt og lítið um umferð. Stutt er í skóla og leikskóla frá eigninni.


heimili FASTEIGNASALA

www.heimili.is



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari.



Tryggvi Kornelíusson
sölufulltrúi

530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9–17



**Naustabryggja - 3ja herb**
Stór rúmgóð 110 fm íbúð í lyftuhúsi og meðfylgandi stæði í bílskýli. Tvo 19 fm svefnherbergi og þvottahús og geymsla inna íbúðar.
Laus til afhendingar



**Safamýri - 3herbergja.**
Mjög góð 94,2 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýviðgerðu 4ra hæð fjölbýlishúsi á frábærum stað í Safamýrinni. Tvennar svalir. Nýbúið að taka sameignina í gegn.
V 21 m.



**Draumahæð - ndaraðhús.**
Gott endaraðhús á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Suðursvalir, verönd og góður bakgarður.
V. 49,0 m.



**Skúlagata - eldri borgarar.**
Mjög vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 7. hæð auk stæði í bílageymslu, samtals 78,6 fm



**Barðastaðir - einstök staðsetning**
Mjög vandað 172 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 38,3 fm bílskúr. Húsið stendur einstökum stað í jaðri höfuðborgarinnar. Strandlengjan, laxá og tveir golfvellir ásamt fallegum göngu- og hjólaleiðum í næsta nágrenni.



**Ofanleiti - Jarðhæð**
Góð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Hús í góðu ástandi . Stutt í alla þjónustu.
V. 24,9m.
Áhv. 21,3m.



**Andrésbrunnur - 3ja herb.**
Góð vandlega innréttuð 95 fm íbúð í lyftuhúsi og meðfylgandi stæði í lokuðu 3ja bíla bílskýli.
Laus til afhendingar.



**Skaftahlíð - 2ja herb.**
Flott 60 fm íbúð á 2. hæð. Nýlega er búið að skipta um glugga og gler Húsið litur vel út að utan. Góð staðsetning þar sem göngufæri er í miðbæinn og alla þjónustu.
Laus V. 17,5 m.



**Smárabarð 2 - ÁHV. MJÖG HAGSTÆÐ LÁN.**
Mjög góð 93 fm 3ja herbergja íbúð með sérinngangi við Smárabarð í Hafnarfirði.
Allt sér.



**Maríubaugur - tengihús**
Bjart vel hannað 195 fm hús með innbyggðum 36 fm bílskúr. 4 góð svefnherbergi, veönd, afgirtur garður, hellulagt pílaplan.
V. 49,5 m.



**Miðleiti - ásamt stæð í bílskýli.**
Mjög vel skipulögð og falleg 120,7 fm 3ja - 4ra herbergja íbúð á 4. hæð ásamt 25,4 fm stæði í bílskýli, samtals: 146,1 fm. V 29,9 m.



**Fannafold - einbýli**
Gott 180 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 42 fm bílskúr og sólstofu. Fallegur garður í góðri rækt. 3 svefnh. og góðar stofur.
V. 44,5 m.



**Laugarnesvegur - gullfalleg 2ja.**
Mjög mikið endurnýjuð 2ja herbergja við Laugardalinn. Íbúðin er um 65 fm og hefur verið mikið endurnýjuð og hús nýlega viðgert. Laus fljótlega.
Verð 18,2 millj.



**Baugakór - 4ra herb. endaíbúð.**
Falleg og vel skipulögð um 144 fm endaíbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Sérinngangur af svölum. Vel staðsett íbúð í Kórahverfi Kópavogs.

**Sama tilboð og alltaf! Góð fagleg þjónusta www.heimili.is**

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi :: 535_1000

Aðalheiður Karlsdóttir
lögg. fasteignasali

Þorlákur Ómar Einarsson
sölustjóri

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

**stakfell.is**

**Fax 535 1009**




**Lækjarhjalli - tvær íbúðir**
Vel staðsett og notaleg efri sérhæð og hluti af jarðhæð ásamt rúmgóðum bílskúr, samtals 220,5 fm. í fallegu húsi sunnan megin í austurbæ Kópavogs. Eignin skiptist nú í tvær íbúðir, báðar með sérinngangi.



**Fagrihvammur - einbýli með tveim íbúðm**
Glæsilegt 481 fermetra einbýli þar af 106,4 fermetra íbúð á jarðhæð. Eignin skiptist í forstofu, gestasalerni, miðrými, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús, bílskúr. Á annarri hæð er miðrými, þrjú barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi. Skipti möguleg á dýrari einbýli í Garðabæ.



**Ásakór - 5 herb**
Eignaskipti möguleg á minni eign í sama hverfi.
Um er að ræða 5 herbergja enda íbúð á 3. hæð í 6. hæða lyftuhúsi, íbúðin skiptist í anddyri, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofa og stofa. Tvennar svalir og stæði í bílageymslu.



**Brúnavegur - hæð**
Glæsileg 162,8 fermetra íbúð við Brúnaveg. Íbúðin er teiknuð af Sigvalda Thordarson og er lýsandi dæmi um fallega hönnum og gott stílbragð þess tíma. Velskipulögð og rúmgóð eign. Nánari uppl. á skrifst

**Höfum kaupanda að einbýlishúsi í Garðabæ**

**Leitum að 3ja – 4ra herb. íbúð í smáranum í Kópavogi**

**Höfum kaupanda að 2ja og 3ja herb. íbúðum í vestur- og miðbæ Reykjavíkur.**

**Leitum að einbýli í Reykjavík með tveimur íbúðum**



## MÁNATÚN 3 og 5 VANDAÐR OG GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem afhendast fullbúnar án gólfefna. Flísar á þvottahúsi og baðherbergi. Vandaðar innréttinga og allur frágangur til fyrirmyndar. Tvö baðherbergi er í flestum íbúðum og eitt - tvö stæði í bílageymslu. Lyftuhús. Miðsvæðis í Reykjavík.



**Hrauntunga - einbýl - Kópavogi.**
Um er að ræða rúmgott einbýli á einni hæð. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið skráð 185,4 fm að stærð auk 37,6 fm bílskúrs. Fimm svefnherbergi, góðar stofur og nýlegur pallur til suðurs. Laust strax



**Hraunbrún - raðhús**
Um er að ræða rúmgóða og vel skipulagt 161,8 fm endaraðhús á tveimur hæðum, ásamt 28,8 innbyggðum bílskúr, samtals 190,6 fm, á frábærum útsýnisstað við hraunjaðarinn í Hafnarfirði



**Háaleitisbraut - 108: Parhús.**
Vel skipulagt og gott 150 fm. á frábærum stað, innst í botlanga á vinsælum stað. Góðar stofur, 3 svefnh. Innb. bílskúr, falleg og skjólsæl lóð. Einstök staðsetning. Stutt í góða skóla, leikskóla, verslanir og þjónustu.



**Nönnustígur - einbýli**
Einstaklega fallegt og sjarmerandi einbýlishús í hjarta Hafnarfjarðarbæjar. Húsið er steypt, með bárujárnsklæðningu og hefur verið mikið endurnýjað á smekklegan hát **Verð 34,9 millj**



**Hrauntunga - endaraðhús**
Um er að ræða 239 fm endaraðhús innst í botnlanga. Eigninni hefur verið vel viðhaldið. Mikið útsýni er úr stofunni.
**39,9 millj.**



**Sundlaugavegur - tvær íbúðir**
Neðri sérhæð og kjallara, tvær íbúðir, með bílskúr. Um er að ræða rúmgóða 109 fm. 4ra-5 herbergja neðri sérhæð ásamt 24,5 fm. bílskúr og 84,5 fm. 3ja herbergja íbúð í kjallara með sérinngang. Samtals 218 fm.
**Verð 39,8 millj.**



**Heiðarás - einbýli**
Rúmgott einbýli á tveimur hæðum, húsið skiptist í jarðhæð með anddyri, gesta wc., stórt herbergi, stigahús, þvottahús og bílskúr. Efri hæð skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, setustofu, svefnherbergisgang, þrjú svefnherbergi og baðherbergi.



**Sóltún - 3ja herb.**
91,4 fermetra 3ja herb. íbúð á sjöundu hæð/næst efstu ásamt 24,1 fermetra stæði í bílskýli. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, sérgeymslu í sameign og stæði í bílskýli.
**Verð 33.5 millj**



**Þórsgata - 2ja herb.**
Einstaklega notaleg og falleg mikið endurnýjuð 58,2 fm sér hæð á þriðju og efstu hæð í sjarmerandi húsi við Þórsgötu. Frábær staðsetning í hjarta borgarinnar.
**Nánari uppl. á skrifst.**



**Ystasel - hæð**
Björt og falleg 156,1 fm. efri sérhæð á frábærum útsýnisstað í Seljahverfi ásamt 52 fm. bílskúr, samtals 208,1fm. Stórar svalir með miklu útsýni yfir borgina og auk þess góð afgirt verönd. Falleg eign í grónu og barnvænu hverfi.
**Verð 43.9 millj.**



**Bauganes - einbýli**
Notalegt og fallegt einbýlishús á frábærum stað í skerjafirðinum sem skipist í kjallara, hæð og efri hæð. Kjallari skiptist í Þvottahús, herbergi, snyrting og geymslur. Neðri hæð skiptist í anddyri, snyrting, hol, eldhús, stofu og borðstofu. Efri hæð skiptist í sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Fallegur garður, sérstæður bílskúr. Góður garður í suður.



**Hverafold - 112 Rvk**
Gullfallegt og vandað 204,3 fm einbýlishús á tveimur pöllum, þar af 27 fm. bílskúr með gryfju. Auk þess 12 fm. sólstofa. Vel skipulagt hús með stóri suðurverönd og grónum garði. Vandaðar innréttingar og falleg gólfefni. Húsið stendur á frábærum og veðursælum stað sunnan megin í Grafarvoginum. Stutt í góða skóla, verslanir og þjónustu.



**Suðurhús - einbýli**
320 fm stórglæsilegt og vandað einbýlishús í rólegur og fjölskylduvænu hverfi á frábærum útsýnisstað í Grafarvoginum. Sérsmíðaðar, fallegar innréttingar og vönduð gólfefni.



**Grundarland - 108 Fossvogur**
Notalegt og fallegt einbýlishús á einni hæð ásamt, sólstofu og innbyggðum bílskúr, samtals um 218 fm. á besta stað í Fossvoginum. Vel skipulagt og gott hús á stórri hornlóð með skemmtilegri aðkomu í rólegri götu. Garðurinn er í góðri rækt. Mikil veðursæld. Fallegt og gróið umhverfi, stutt í góða skóla, verslanir og þjónustu. Einstök eign með mikla möguleika.
**Upplýsingar á skrifstofu.**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## VEGNA MIKILLAR SÖLU ÓSKUM VIÐ EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SKRÁ.

### Einarsnes-Skerjafirði



Glæsilegt 160,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað við óbyggt svæði í Skerjafirðinum. Húsið var nánast endurbyggt fyrir um 20 árum síðan og skiptist m.a. í samliggjandi stofur með útsýni til sjávar og útgangi á svalir til vesturs, 3 herbergi, eldhús, sjónvarpshol og 2 baðherbergi. Afgirt og falleg ræktuð 514,0 eignarlóð. Garðhús á lóð.

### Klapparberg.



Fallegt og afar vel staðsett 197,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum auk 30,0 fm. bílskúrs.Samliggjandi stórar stofur með arni, stór sjónvarpsstofa, sólskáli með útgangi á lóð, 3 herbergi auk fataherbergis og nýlega endurnýjað baðherbergi.
**Frábær staðsetning niður við Elliðaárnar. Fallegt útsýni til fjalla. Verð 51,9 millj.**

### Maríubaugur.



Glæsilegt 150 fm. endaraðhús að meðt. 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eigninni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgóð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Glæsileg lóð með stórri timburverönd til suðurs og heitum potti.. Leik- og grunnskóli í næsta nágreinni. **Verð 49,5 millj.**

## EINBÝLISHÚS TIL LEIGU

## 330 FM. EINBÝLISHÚS Í SUÐURHLÍÐUM KÓPAVOGS TIL LEIGU Í 1 ÁR.

## LAUST TIL AFHENDINGAR STRAX.

## GARÐABÆR

## 250-350 FM EINBÝLISHÚS ÓSKAST

## Í HÆÐUM, BYGGÐUM,

## LUNDUM EÐA FLÖTUM

## SÉRBÝLI

### Fagrahæð-Garðabæ



Fallegt 219,0 fm. einbýlishús með innb. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Garðabæ. Eignin er með vönduðum innréttingum, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í loftum. Glæsilegt eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, sjónvarpsrými/vinnuaðstaða, 3 svefnherbergi og 2 baðehrbergi.. Útgengt úr stofum í garðskála með heitum potti. Gólfhiti að hluta.
**Verð 69,0 millj.**



### Hverfisgata-einbýlis/ skrifstofuhús.

Fallegt og mikið endurnýjað 183 fm einbýlis/skrifstofuhús á þrem hæðum. Allar raflagnir, pípulagnir og skólplagnir eru nýjar. Auk þess eru hljóðeinangruð K-gkler í öllum gluggum. Nýtt bárujárn og húsið nýeinangrað. **Þarna er um að ræða fallegt og vel uppgert hús auk þess sem miklir möguleikar felast í byggingarrétti. 5 sér bílastæði á lóð.**
**Verð 59,0 millj**.



### Kaldalind-Kópavogi

Glæsilegt 223,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 26,6 fm bílskúr . Stórar stofur með útgangi á svalir til vesturs og norðurs. Þrjú stór svefnherbergi. Eldhús með vönduðum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Aukin lofthæð er í húsinu og innfelld lýsing er í loftum. Harðviðir eru í gluggum og útihurðum. Falleg ræktuð lóð með miklum veröndum og grjóthleðslum. Vel staðsett eign á góðum útsýnisstað.
**Verð 69,0 millj.**



### Markarflöt- Garðabæ

Afar vel staðsett 214,7 fm einbýlishús á einni hæð með innb. tvöf. bílskúr. Húsið skiptist í forstofu með fataherbergi, hol, arinstofu með útgangi á verönd til suðurs, rúmgóða setustofu/borðstofu, eldhús, 5 svefnherbergi og baðherbergi. **Húsið stendur innst í götu á 1.450 fm lóð. Útsýni að Heiðmörkinni og að Reykjanesfjallgarði.**
**Verð 59,0 millj.**

## 4RA HERB. OG STÆRRI



### Grenigrund-Kópavogi

Falleg og vel skipulögð 109,0 fm. efri sérhæð í fjórbýli auk 24,0 fm. bílskúrs. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðurs. 4 herbergi. Hús að utan nýlega viðgert og málað. Góð staðsetning innst í götu.
**Verð 35,5 millj.**



### Bogahlíð – glæsileg íbúð á efstu hæð auk þakgarðs

Glæsileg 158,1 fm íbúð á efstu hæð auk um 65,0 fm hellulagðs þakgarðs. Íbúðin er öll hin glæsilegasta hvað varðar innréttingar og efnisval. Allar innréttingar, gólfefni og loftaklæðning er úr hlyni. Verulega aukin lofthæð er í allri íbúðinni. Öll aðkoma að húsinu og sameign eru til fyrirmyndar. Sér stæði í bílageymslu.



### Kirkjusandur- „penthouseíbúð"- 2 sér stæði í bílageymslu.

Glæsileg 195 fm íbúð á efstu hæð auk 35,0 fm sér geymslu og tveggja sér bílastæða í bílakjallara. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Glæsilegar rúmgóðar stofur, arinstofa og borðstofa, sjónvarpshol, vel útbúið eldhús, 2 herb. og baðherb. auk gesta w.c. Tvennar svalir.
**Útsýni yfir borgina, sundin og víðar. Húsvörður. Eign sem vert er að skoða.**



### Bergstaðastræti.

Falleg og vel skipulögð 91,8 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu tvíbýlishúsi í Þingholtunum auk sér 10,8 fm geymslu og 20,8 fm bílskúrs. Samliggjandi stofur og 3 herbergi. Svalir til vesturs.
**Verð 34,9 millj.**



### Auðbrekka-Kópavogi

138,5 fm. íbúð /vinnustofa á 3. hæð .Um er að ræða stóra vinnustofu með stórum gluggum og miklu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, stofu og vinnukrók með gluggum til suðurs, eldhús, 1 svefnherb. og baðherbergi. Möguleiki á fleiri herbergjum. Lofthæð í íbúð er um 2,75 metrar.
**Verð 24,9 millj.**



### Hörðukór- glæsileg „penthouseíbúð"

5 herbergja 196,3 fm. glæsileg og vel innréttuð útsýnisíbúð á 10. hæð að meðt. sér geymslu. Íbúðin er á tveimur hæðum með rúmgóðri og bjartri stofu, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, 2 önnur herbergi og opið eldhús. Sér stæði í lokaðri bílageymslu fylgir.
**Verð 49,9 millj.**

## 3JA HERB.



### Brekkubyggð - Garðabæ

92,0 fm. 3ja herb. íbúð með sérinngangi og glæsilegu útsýni á góðum og grónum stað í Garðabæ. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi innaf forstofu, hol, 2 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús og flísalagt baðherbergi. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar.
**Verð 24,9 millj.**



### Strandvegur – Garðabæ

Vel skipulögð 77,2 fm á jarðhæð með sér verönd og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 2 rúmgóð herbergi. úr hjónaherbergi er útgangur á verönd með skjólveggjum. Þvottaherb. innan íbúðar.
**Verð 22,9 millj.**



### Hrísmóar-Garðabæ

Góð 83,4 fm. íbúð á 4. hæð auk yfirbyggðra hornsvala með gólfhita og stæði í bílageymslu. Eldhús með góðum borðkrók, 2 herbergi, sjónvarpshol og stofa/borðstofa.
**Stutt í alla þjónustu, heilsugæslu og skóla.**
**Verð 24,9 millj.**



### Stíflusel – 3ja herb.

Góð 95,1 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli þ.m.t. sér geymsla í kjallara. Suðursvalir út af stofu. 2 rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi flísalagt í gólf og veggi. Hús í góðu ásigkomulagi hið ytra og sameign góð.
**Verð 18,9 millj.**



### Túnbrekka-Kópavogi. Laus strax

Góð 86,6 fm. íbúð á neðri hæð auk 20 fm. bílskúrs með útsýni yfir Fossvogsdalinn. Íbúðin skiptist í forstofu sem er nýtt að hluta sem sjónvarpsherb., stofu, borðstofu, eldhús, 2 herb. á svefngangi og baðherb. Þvottaherb. innan íbúðar. Vestursvalir. Garður með skjólsælum sólpalli. **Verð 24,7 millj.**

## 2JA HERB.



### Suðurhvammur- Hafnarfirði

Falleg 69,4 fm. íbúð á jarðhæð í Hvömmunum. Sér garður og hellulögð verönd. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu/borðstofu og baðherbergi. Eignin er vel staðsett í göngufæri við skóla og alla þjónustu.
**Verð 17,3 millj.**



### Bárugata

Mikið endurnýjuð 72,4 fm íbúð að meðt. geymslu í þríbýlishúsi á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í anddyri, opið rými sem samanstendur afopnu eldhúsi, stofu og borðstofu, eitt herbergi og baðherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar. Halogen lýsing og hljóðkerfi.
**Verð 19,9 millj.**



### Skeiðarvogur. 2ja herb.

2ja herb. 55,5 fm. íbúð með sérinngangi í kjallara í góðu tvíbýlishúsi í Vogahverfinu. Íbúðin skiptist í forstofugang, eldhús, 1 svefnherb., rúmgóða stofu og baðherbergi. Geymsla innan íbúðar. Húsið var viðgert og málað á þessu ári.
**Verð 12,9 millj**



### Bólstaðarhlíð.

50,0 fm. íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í góðu fjölbýli miðsvæðis í Rvík. Nýleg innrétting í eldhúsi. Svalir til austurs út af stofu. Garður í rækt. **Verð 14,7 millj.**

## ELDRI BORGARAR.



### Grandavegur - 4ra herb. útsýnisíbúð

114,8 fm. útsýnisíbúð á 6.hæð auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, eldhús, samliggjandi stórar og bjartar stofur, 2 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Stórar yfirbyggðar svalir til vesturs. Útsýni er yfir borgina til suðurs, að Reykjanesfjallgarði og víðar. Sameiginlegur matsalur á 10. hæð. Á jarðhæð er sameiginlegur líkamsræktarsalur, gufubað og heitir pottar á lóð. Húsvörður.
**Verð 31,9 millj.**



### Kleppsvegur. 2ja herb. Laus strax.

Falleg og björt 88,6 fm. íbúð á jarðhæð í þessu eftirsótta húsi fyrir 60 ára og eldri. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, eldhús sem er opið við stofu að hluta, 1 svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Íbúar geta sótt ýmsa þjónstu til Hrafnistu.
**Laus við kaupsamning. Verð 21,8 millj.**

# EIGNAMIÐLUN
Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík


Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali


Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali


Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali


Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali


Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali


Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali


Magnús Geir Pálsson, sölumaður


Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali


Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri


Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Félag Fasteignasala

www.eignamidlun.is

## Skaftahlíð - í eftirsóttu húsi.



3ja herbergja 93 fm íbúð á 1.hæð á góðum stað. Íbúðin skiptist m.a. í rúmgóða stofu, tvö herb. og fleira. Suðursvalir. Fallegur garður. **V. 20,5 m.** 6880

## Hlyngerði - vinsæll staður



Vel staðsett og vel hannað ca 300 fm einbýli á tveimur hæðum á þessum vinsæla stað. Húsið þarfnast viðhalds að innan og utan. Arkitekt hússins er Helgi Hjálmarsson. Innréttingar eru teiknaðar af Finni Fróðasyni. 5762

## Þingholtsstræti - laus - 1 hæð



Góð 98,3 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi á besta stað í Þingholtunum. Íbúðin er laus strax. Sölumenn sýna. **V. 23,5 m.** 6834

## Markarflöt - vel skipulagt einbýli



Fallegt og velskipulagt 186 fm einbýli á einni hæð með 49 fm innbyggðum bílskúr og að auki er 38 fm sólstofa. Samtals eru þetta 224 fm. Hluti af bílskúr (29 fm) hefur verið tekinn undir sauna, geymslu og gestasnyrtingu. 6851

## Sunnubraut - mikið endurnýjað



Um er að ræða glæsilegt mikið endurnýjað 285 fm einbýlishús að mestu á einni hæð á frábærum stað við Sunnubraut í Kópavogi neðan götu að sjónum. Hús nýlega klætt að utan. Endurnýjað eldhús, baðherbergi og fl. gufubað . Glæsilegt útsýni. Einstakur staður. 6599

## Básbryggja - raðhús - laust strax



Glæsilegt raðhús við Básbryggju 35. Húsið er 201,7 fm steinhús og er byggt árið 1999. Um er að ræða sérlega glæsilega eign á einstökum útsýnisstað ásamt innbyggðum bílskúr, sem staðsett er á besta stað við sjávarsíðuna í bryggjuhverfinu. Húsið er allt fullbúið á afar vandaðan hátt, með glæsilegum sérsmíðuðum innréttingum og massífu parketi á gólfum. Útsýnið er einstaklega fallegt. V**. 39,0 m.** 6850

## Einbýli



**Tjarnarbrekka 7 - Álftanesi**
Skemmtilega teiknað einbýlishús á tveimur hæðum í nýju flottu hverfi á Álftanesi. Húsið er skráð 287,9 fm með bílskúr. Húsið afhendist í núverandi ástandi það er fokhelt með gluggum og útihurðum. Fallegt útsýni. 42 fm svalir á efri hæð. **V. 33,1 m.** 6852



**Silungakvísl - glæsilegt**
Mjög glæsilegt og vel staðsett einbýlishús ásamt tvöföldum bílskúr. Húsið er skráð 288 fm og er á tveimur hæðum. Stórkostlegt útsýni er af efri hæðinni. Hér er um að ræða mjög vandaða og glæsilega eign á eftirsóttum stað. **V. 69,5 m**. 6778



**Kirkjugarðsstígur - miðbærinn**
Fallegt uppgert einbýli á 3 hæðum á einstökum stað í hjarta gamla vesturbæjarins. Húsið stendur á baklóð við Kirkjugarðsstíg á gróinni og skjólgóðri lóð rétt við gamla kirkjugarðinn. Grunnflötur hverrar hæðar er um 40 fm en uppgefin stærð skv. fasteignamati er samtals rúmlega 90 fm þar sem rishæð er að hluta undir súð. 6849



**Engimýri - Garðabær**
Mjög gott og vel skipulagt 165,2 fm einbýli sem er hæð, ris og bílskúr. Góð lóð til suðurs og hellulögð verönd. 4 rúmgóð svefnh. og tvær samliggjandi stofur. Bílskúr er frístandandi og innkeyrslan er hellulögð, hiti í hluta innkeyrslu. **V. 46 m.** 6793



**Langholtsvegur - endurnýjað**
Mjög gott og mikið endurnýjað 135 fm einbýlishús, hæð og ris. Húsið hefur meira og minna verið endurbyggt. Nýjar lagnir í öllu, gler og gluggar, innréttingar, gólfefni ofl. Þrjú rúmgóð herbergi, arin í stofu og góður sólpallur. **V. 37 m.** 6791



**Grenigrund - hornlóð**
Einbýlishús á hornlóð. Húsið er 127,1 fm að stærð og stendur á 660 fm lóð. Mikill trjágróður á lóð. Mögulegur byggingarréttur. Húsið hefur verið klætt að utan og eru allir gluggar og allt gler nýlegt. Þak virðist í góðu ástandi. **V. 27,0 m.** 6806



**Gvendargeisli 30 - góð staðsetning**
Vel staðsett 246,9 fm einbýlishús með innbyggðum 31,4 fm bílskúr við Gvendargeisla í Grafarholti. Samtals er húsið því 278,3 fm. Húsið er skráð á byggingarstigi 4 "fokhelt" en er tæplega tilbúið til innréttinga. Húsið er til afhendingar strax í því ástandi sem það er við skoðun. **V. 42,0 m.** 6799



**Blómvallagata - fallegt einbýli**
Fallegt og velskipulagt 264,8 fm einbýli sem stendur á horni Hávallagötu og Blómvallagötu og er teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt. Eignin skiptist í tvær hæðir og kjallara auk bílskúrs. Í kjallara er auðvelt að útbúa sér íbúð. Garður er til suðurs. **V. 89 m.** 6711

## Parhús



**Rauðagerði 34 og 34 a - fokhelt parhús**
Rauðagerði - nýtt 199,1 fm parhús. Húsið er staðsteypt og er efst í litlum botnlanga á mjög góðum útsýnisstað. Húsið er til afhendingar strax í núverandi ásigkomulagi þ.e á byggingarstigi 4 "fokhelt" **V. 27,5 m.** 6836



**Hlíðarvegur - parhús**
Gott 207,4 fm parhús ásamt innbyggðum 33,3 fm bílskúr. Húsið stendur á góðum stað við suðurhlíðar kópavogs. Húsið er nánast fullbúið að utan eftir að mála og kitta meðfram gluggum og búið er að leggja fyrir gólfhita að innan. **V. 31,0 m.** 6800



**Kleppsvegur - við Kambsveg**
Mjög gott og vel viðhaldið 262,9 fm parhús á þrem hæðum ásamt aukaíbúð á jarðhæð. Mikið útsýni. Húsið er nýlega málað að utan og nýlega er búið að setja nýjan tjörupappa á þakið og skipta um flestar rúður í húsinu. **V. 51,5 m.** 6790

## Raðhús



**Langholtsvegur 112 B - endaraðhús**
Mjög gott og vel skipulagt 220,5 fm endaraðhús á þremur hæðum. Innbyggður bílskúr er á jarðhæð og fallegur gróinn garður er til suðurs. Húsið er í góðu standi og hefur töluvert verið endurnýjað. **V. 49,9 m.** 6586



**Reynigrund - gott hús.**
Mjög gott og vel skipulagt 126,6 fm miðjuraðhús á góðum stað Fossvogsmegin í Kópavoginum. Húsið er mikið endurnýjað m.a. nýlegt eldhús og baðherbergi nýlega uppgert. Stór stofa og fjögur rúmgóð herbergi, sólpallur og svalir til suðurs. **V. 33,6 m.** 6876



**Hrauntunga - Sigvaldahús - mjög gott verð.**
Fallegt mjög vel umgengið ca 240 fm raðhús á frábærum útsýnisstað í Kópavogi. Húsið er eitt af þessum rómuðu Sigvaldahúsum og er staðsetning þessa húss efst í botnlanga. 4-5 svefnherb. 2 baðherb. Sólstofa og flísalögð verönd. Stór stofa og borðstofa. Glæsilegt útsýni. Innbyggður góður bílskúr. **V. 39,9 m.** 6156

## Hæðir



**Foldarsmári - glæsileg efri sérhæð**
Glæsileg 160 fm efri sérhæð (132,3 fm) með sérstæðum bílskúr (28 fm) í Smárahverfi Kópavogs. Aðkoma að húsinu er mjög góð og er þar stórt upphitað bílaplan. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni og eru gluggar til allra átta. **V. 42,9 m.** 6768



**Perlukór 3e - glæsileg íbúð**
Glæsileg og einstaklega vel staðsett 3ja herbergja 108,1 fm efri sérhæð í nýlegu fjórbýli byggðu af ÍAV ásamt sérmerktu stæði í bílageymslu. Glæsilegt útsýni yfir Elliðavatnið og fjallagarðinn. Há lofthæð. **V. 29,9 m**. 7564



**Bauganes - efri sérhæð**
Falleg 196 fm efri sérhæð sem skiptist í stigahol, forstofuhol, snyrtingu, eldhús með borðkrók, sér þvottaherbergi innaf eldhúsi, geymslu, borðstofu, dagstofu, sólstofu, sjónvarpshol, þrjú rúmgóð herbergi og baðherbergi. Sér bílastæði. Eignin er vel staðsett og í góðu ástandi. **V. 49,5 m.** 6707



**Stigahlíð - mikið endurnýjuð**
Glæsileg mikið endurnýjuð 165 fm neðri sérhæð í fallegu þríbýlishúsi ásamt bílskúr 26,6 fm og stórri sameiginlegri verönd ofan á bílskúr. Tvennar svalir. Mikið endurn. eign m.a. allar innréttingar, skápar, gólfefni, baðherbergi og fl. **V. 46,0 m.** 5890

## 4ra-6 herbergja



**Strandvegur - m. bílskýli - 141,1 fm.**
Sérlega glæsileg og vönduð 4ra herb. 141,1 fm íbúð á 3ju hæð í vönduðu lyftuhúsi í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Tvö svefnherbergi. Tvennar stofur. Tvennar svalir. Glæsilegt útsýni. Stæði í bílageymslu. V**. 38,9 m**. 6835



**Rúgakur 3 - glæsileg og rúmgóð**
Stórglæsileg og vel hönnuð 158 fm íbúð á Arnarneshæðinni. Í íbúðinni eru stór og björt rými. Svefnherbergi er með innbyggðu fataherbergi og sér baðherbergi. Sannkölluð hjónasvíta. **Gott gestaherbergi og rúmgóð stofa með sambyggðu eldhúsi á móti suðri. Húsið eu aðeins tveggja hæða en þó með lyftu. Stæði í bílageymslu. V. 39,9 m.** 6857



**Eyrarholt - vel skipulögð**
Rúmgóð og snyrtileg 5 herbergja 117,8 fm íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli. Fallegt útsýni til vesturs og norðurs. Íbúðin er laus strax og eru lyklar á Eignamiðlun. 6816



**Þorláksgeisli - Endaíbúð með útsýni**
Mjög góð 4ra herbergja 115 fm endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með stæði í lokuðum bílakjallara. Einstaklega fallegt útsýni er úr íbúðinni. Íbúðinni fylgja tvennar svalir. **V. 28,0 m.** 6757



**Blásalir - glæsilegt útsýni**
Einstaklega vönduð 4ra herbergja útsýnisíbúð á 2. hæð við Blásali í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, búr/þvottaherbergi, stofu og yfirbyggðar svalir. Húsvörður er í húsinu. Stæði í bílageymslu fylgir. **V. 27,4 m.** 6607



**Kristnibraut - Gott útsýni**
Glæsileg 4ra herbergja 123 fm íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi með mjög fallegu útsýni. Eignin skiptist í hol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús og geymslu í kjallara. **V. 27,0 m.** 4568

## 3ja herbergja



**Kötlufell - laus strax, lítil útborgun.**
3ja herbergja 78 fm íbúð á 3.hæð í góðu álklæddu fjölbýli . Yfirbyggðar svalir. Tvö svefnherbergi, laus strax.
Möguleiki að yfirtaka lán allt að 15,9 millj. á hagstæðum vöxtum. Lítil útborgun, laus strax.
**V. 16,7 m.** 6878



**Vallarás - efsta hæð í lyftuhúsi**
Vel skipulögð 3ja herbergja 69,6 fm íbúð á 6. hæð (efstu hæðinni) í norðvesturhorni lyftuhúss. Íbúðin skiptist í hol, stofu, tvö herbergi, eldhús, baðherbergi og hol. Sér geymsla í kjallara fylgir. 6813



**Ánanaust 15 - 3ja herbergja í lyftuhúsi.**
Glæsileg og vel skipulögð 3ja herbergja 84,9 fm íbúð á 3.hæð í álklæddu lyftuhúsi á mjög góðum stað í vesturbænum. Nýlegar innréttingar, gólfefni,skápar, baðherbergi og hurðir. Stórar sameiginlegar útsýnissvalir eru á 4. hæð. **V. 21,0 m.** 6780



**Funalind - 5. hæð með glæsilegu útsýni**
| MR POPPER'S PENGUINS kl. 8 | L |
| SOMETHING BORROWED kl. 10.20 | L |

tryggðu þér miða á SAMbio.is



LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is

Njóttu flugsins

Margir fá illt í eyrun og þurran hósta í flugi. Flugvélaloftið kemur varnarkerfi líkamans af stað.

Með Xlear nefúða heldur þú uppi eðlilegum raka í nefgöngunum þannig að þau haldast heilbrigð og hrein.

Núna fæst Xlear líka fyrir börnin.




Fyrir þig í Lyfju



BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

HÓTEL EDDA LEGGUR SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ MATREIÐA ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI OG BÝÐUR MEÐAL ANNARS UPP Á GÓMSÆTA LAMBAKJÖTSRÉTTI Í SUMAR.

# BROSANDI ALLAN HRINGINN







## 13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Lambakjöt
LAMBAKJOT.IS

# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** skrifar í dag undir tveggja ára samning við gríska fótboltaliðið AEK í Aþenu. Eiður mun fá um 220 milljónir kr. á samningstímanum en Arnar Grétarsson er yfirmaður knattspyrnumála hjá gríska liðinu. Eiður Smári hafði farið í gegnum læknisskoðun hjá West Ham en ekkert varð að því að hann færi til Sam Allardyce á Upton Park.

**Grindavík 2-0 ÍBV**

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 1003 Gunnar Jarl Jónsson (6)

*1-0 Jamie McCunnie, víti (34.)*
*2-0 Scott Mckenna Ramsay (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–6 (6–3) |
| Varin skot | Óskar 3 – Albert 2, Abel 2 |
| Horn | 2–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–10 |
| Rangstöður | 5–2 |

| **GRINDAVÍK** 4–3–3 | | **ÍBV** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 7 | Albert Sævarsson | 5 |
| Matthías Örn Friðriks. | 5 | Kelvin Mellor | 5 |
| Ólafur Örn Bjarnason | 6 | Eiður Aron Sigurbjör. | 5 |
| Jamie McCunnie | 6 | Rasmus Christiansen | 6 |
| Bogi Rafn Einarsson | 6 | Matt Garner | 5 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 6 | (69., Guðm. Þórarins. | 5) |
| Jóhann Helgason | 7 | Finnur Ólafsson | 4 |
| Paul McShane | 7 | (53., Denis Sytnik | 5) |
| (72., Scott Ramsay | -) | Ian David Jeffs | 5 |
| Magnús Björgvinss. | 6 | (32., Abel Dhaira | 5) |
| (72., Yacine Si Salem | -) | Tony Mawejje | 7 |
| ***Óli Baldur Bjarna.** | **8** | Tryggvi Guðmundss. | 6 |
| Robert Winters | 5 | Þórarinn Ingi Valdim. | 6 |
| (90., Guðm. Bjarnas. | -) | Andri Ólafsson | 5 |

**Maður leiksins*

**FH 2-2 Fylkir**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1510 Erlendur Eiríksson (8)

*1-0 Hólmar Örn Rúnarsson (11.)*
*2-0 Davíð Ásbjörnss., sjálfsmark (17.)*
*2-1 Albert Brynjar Ingason (69.)*
*2-2 Kjartan Ágúst Breiðdal (73.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–10 (4–3) |
| Varin skot | Gunnleifur 1 – Bjarni 1, Fjalar 1 |
| Horn | 5–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–17 |
| Rangstöður | 2–2 |

| **FH** 4–3–3 | | **FYLKIR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifs. | 6 | Bjarni Þórður Halld. | 5 |
| Ásgeir Gunnar Ásg. | 5 | (46., Fjalar Þorgeirss. | 6) |
| Freyr Bjarnason | 6 | Andrés Már Jóhann. | 7 |
| (36., Tommy Nielsen | 4) | Kristján Valdimars. | 5 |
| Pétur Viðarsson | 5 | Davíð Þór Ásbjörnss. | 4 |
| Björn Daníel Sverris. | 6 | Kjartan Ág. Breiðdal | 6 |
| Bjarki Gunnlaugsson | 5 | Tómas Þorsteinsson | 6 |
| (25., Viktor Örn Guð. | 6) | Gylfi Einarsson | 4 |
| Hákon Atli Hallfreðs. | 5 | (44., Andri Þór Jóns. | 5) |
| Hólmar Örn Rúnarss. | 7 | Ásgeir Börkur Ásgeirs. | 6 |
| (71., Hannes Sigurðs | 4) | Andri Már Hermanns. | 5 |
| Ólafur Páll Snorrason | 7 | Ingimundur Níels Ósk. | 7 |
| Atli Viðar Björnsson | 4 | (86., Rúrik Andri | -) |
| Atli Guðnason | 4 | Albert Brynjar Ingas. | 7 |
| ***maður leiksins** | **x** | **Maður leiksins* | |

## ÚRSLIT Í GÆR

*Pepsi-deild karla - staðan*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **10** | **7** | **3** | **0** | **21-7** | **24** |
| Valur | 11 | 7 | 2 | 2 | 16-6 | 23 |
| **ÍBV** | **10** | **6** | **1** | **3** | **14-9** | **19** |
| Stjarnan | 11 | 5 | 3 | 3 | 20-17 | 18 |
| **FH** | **11** | **4** | **4** | **3** | **23-16** | **16** |
| Breiðablik | 11 | 4 | 3 | 4 | 20-20 | 15 |
| **Fylkir** | **11** | **4** | **3** | **4** | **16-20** | **15** |
| Keflavík | 10 | 4 | 2 | 4 | 13-13 | 14 |
| **Grindavík** | **11** | **3** | **2** | **6** | **14-22** | **11** |
| Þór | 10 | 2 | 2 | 6 | 9-21 | 8 |
| **Víkingur R.** | **10** | **1** | **4** | **5** | **8-14** | **7** |
| Fram | 10 | 0 | 3 | 7 | 6-15 | 3 |

**LEIKIRNIR Í KVÖLD**

| | |
|---|---|
| **Víkingur R.- Fram** | **Víkin 19.15** |
| Þór-Keflavík | Þórsvöllur 19.15 |

*Pepsi-deild kvenna*

ÍBV-Þór Ak. 0-0

Nýliðarnir héldu hreinu í sjöunda sinn í sumar.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjarnan** | **9** | **8** | **0** | **1** | **25-6** | **24** |
| Valur | 9 | 7 | 1 | 1 | 23-8 | 22 |
| **ÍBV** | **10** | **6** | **2** | **2** | **18-5** | **20** |
| Þór/KA | 10 | 6 | 1 | 3 | 20-21 | 19 |
| **Fylkir** | **9** | **5** | **1** | **3** | **14-12** | **16** |
| Breiðablik | 9 | 3 | 1 | 5 | 15-18 | 10 |
| **KR** | **9** | **1** | **4** | **4** | **7-11** | **7** |
| Þróttur R. | 9 | 1 | 3 | 5 | 11-20 | 6 |
| **Afturelding** | **9** | **1** | **2** | **6** | **7-23** | **5** |
| Grindavík | 9 | 0 | 1 | 8 | 8-24 | 1 |

*1. deild karla*

**ÍR-BÍ/Bolungarvík 2-3**

Kristján Ari Halldórsson (52.), Árni Freyr Guðnason (60.) - Zoran Stamenic (18.), Kevin Brown (34.), Oluwatomiwo Ameobi (78.)

**KA - Leiknir R. 0-2**

Pape Mamadou Faye 2 (40., 63.)



**BÆTTI FYRIR MISTÖKIN** Halldór Kristinn Halldórsson skoraði sjálfsmark en bætti fyrir það með því að leggja upp jöfnunarmarkið þremur mínútum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Enn spenna á toppnum

**KR og Valur skildu jöfn, 1-1, í stórslag Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. Valsmenn skoruðu jöfnunarmarkið í blálok leiksins, skömmu eftir að KR hafði komist yfir. Það er því enn mikil spenna á toppi deildarinnar.**

**FÓTBOLTI** Reykjavíkurstórveldin KR og Valur skildu í gær jöfn, 1-1, í toppslag Pepsi-deildar karla. KR hefði með sigri getað tekið væna forystu á toppi deildarinnar en jöfnunarmark Póls Justinussen á 90. mínútu sá til þess að aðeins eitt stig skilur að liðin á toppi deildarinnar. KR á þó leik til góða.

Leikurinn olli engu að síður nokkrum vonbrigðum. KR-ingar hafa farið mikinn að undanförnu og ekki tapað í fimmtán leikjum í röð í öllum keppnum fyrir gærkvöldið. Valsmenn hefðu með sigri komist á topp deildarinnar en liðið er nú ósigrað í sjö leikjum. Þeir hafa fengið á sig fæst mörk allra liða í deildinni og sýndu öflugan varnarleik aftur í gærkvöldi.

Bæði lið fengu sín færi í fyrri hálfleik sem var þó heldur bragðdaufur. KR-ingar sóttu meira í sig veðrið eftir því sem leið á síðari hálfleikinn og gátu sett ferska menn inn á sem frískaði upp á sóknarleik liðsins.

Valsmenn voru þó alltaf líklegir til að skapa usla með skyndisóknum sínum og eftir eina slíka, rúmum 20 mínútum fyrir leikslok, komst Matthías Guðmundsson í gott færi þegar virtist brotið á honum í teig KR-inga. Magnús Þórisson dómari dæmdi hins vegar ekkert.

„Ég er alveg sturlaður,“ sagði Matthías við Fréttablaðið eftir leik. „Þetta var augljóst víti – ég var búinn að plata hann og kominn í upplagt færi.“

Stuttu síðar átti Magnús Már Lúðvíksson skalla í slá og pressa KR-inga jókst. Hún bar árangur á 87. mínútu þegar Bjarni Guðjónsson tók hornspyrnu. Halldór Kristinn varð fyrir því óláni að fá boltann í sig og inn fór boltinn.

Þetta reyndist þó ekki sigurmark leiksins því Færeyingurinn Pól Justinussen náði að jafna metin aðeins þremur mínútum síðar fyrir Val. Hann fylgdi eftir skalla Halldórs Kristins og tryggði Val eitt stig.

Guðjón Baldvinsson, sóknarmaður KR, fékk ekki úr miklu að moða í gær og var svekktur eftir leikinn. „Það er lélegt að fá á sig mark úr föstu leikatriði á lokamínútunni. Við áttum ekki okkar besta dag – það er alveg á hreinu.“

„Þetta var mjög erfiður leikur,“ sagði Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR. „Valsmenn eru rosalega þéttir í sínum varnarleik og lokuðu á það sem við höfum verið að gera í sumar. En við eigum að geta svarað því betur en við spiluðum ekki nógu vel.“

Það hefur verið mikið að gera hjá KR síðustu vikurnar og liðið heldur til Slóvakíu á morgun, til að spila gegn MSK Zilina í forkeppni Evrópudeildar UEFA. En Bjarni segir þreytu ekki há sínum mönnum. „Við höfum æft vel og þreytan á ekki að vera til staðar. Valur er einfaldlega með hörkulið.“

eirikur@frettabladid.is

**KR 1-1 VALUR**

*1-0 Sjálfsmark Halldórs Halld. (87.)*
*1-1 Pól Jóhannus Justinussen (90.)*

KR-völlur, áhorf.: 2911
Dómari: Magnús Þórisson (5)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–12 (2–3) |
| Varin skot | Hannes 2 – Haraldur 2 |
| Horn | 6–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–13 |
| Rangstöður | 6–0 |

**KR 4–3–3** Hannes Þór Halldórsson 7 - Magnús Már Lúðvíksson 7, Skúli Jón Friðgeirsson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 7, Jordao Diogo 5 (67., Guðm. Reynir 6) - Bjarni Guðjónsson 6, Baldur Sigurðsson 5 (61., Ásgeir Örn 6), Viktor Bjarki Arnarsson 6 - Óskar Örn Hauksson 6, Gunnar Örn Jónsson 4 (61., Björn Jónson 6), Guðjón Baldvinsson 5

**Valur 4–3–3** Haraldur Björnsson 7 - Jónas Tór Næs 6, Atli Sveinn Þórarinsson 6, Halldór Halldórsson 6, ***Pól Justinussen 7** - Haukur Páll Sigurðsson 7, Guðjón Pétur Lýðsson 5 (86., Ingólfur -), Christian Mouritsen 4 (60., Sigurbjörn 6) - Rúnar Már Sigurjónsson 6, Jón Vilhelm Ákas. 5 (69., Matthías Guðm. 6), Arnar Sveinn Geirsson 5

Albert Sævarsson fékk rautt:

# Óvænt tap ÍBV í Grindavík

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Eyjamenn, 2-0, í 11. umferð Pepsi-deild karla á Grindavíkurvelli í gær. Albert Sævarssyni, markverði ÍBV, var vikið af velli eftir hálftíma leik en hann braut á Magnúsi Björgvinssyni, leikmanni Grindavíkur, og vítaspyrna dæmd. Jamie McCunnie skoraði örugglega úr vítaspyrnunni. Scott Ramsey innsiglaði sigurinn í blálokin með frábæru marki.

„Það er kannski ekkert óeðlilegt að hafa tapað leiknum svona miðað við hvernig hann spilaðist,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn í gær. „Við missum markmanninn útaf snemma og það er erfitt að spila 10 gegn 11 leikmönnum, hvað þá að fá eitthvað út úr leiknum. „Ég vil ekkert tjá mig um vítaspyrnudóminn, ég á eftir að sjá þetta betur í sjónvarpinu. Svona atvik koma okkur ekkert við, maður hefur margt annað við tímann að gera en að hugsa um einhvern hlut sem er búinn að gerast.“ ÍBV hefur nú tapað tveimur útileikjum á stuttum tíma á móti liðum í fallbaráttunni því liðið tapaði á dögunum fyrir Þór fyrir norðan.

„Þetta voru gríðarlega mikilvæg stig fyrir okkur,“ sagði Jóhann Helgason, leikmaður Grindavíkur, eftir sigurinn.

„Það er frábært fyrir liðið að klára fyrri umferðina á þremur stigum og heilt yfir frekar góður leikur af okkar hálfu. Mér fannst fyrri hálfleikurinn meira og minna mjög góður hjá okkur en síðan gefum við aðeins eftir í þeim síðari. Þegar við skorum markið hefðum við mátt láta kné fylgja kviði og klára leikinn fyrr.“ - sáp



**SCOTT RAMSEY** Kom inn á í lokin og innsiglaði sigurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fylkismenn unnu upp tveggja marka forskot FH-inga í Kaplakrikanum í gær og tryggðu sér jafntefli:

# Ótrúleg umskipti í Kaplakrika í gærkvöldi

**FÓTBOLTI** FH-ingar tóku á móti Fylkismönnum í elleftu umferð Pepsi deildar karla í gærkvöldi. Fyrir fram var búist við jöfnum og spennandi leik þar sem aðeins 1 stig skildi liðin að í töflunni. Spennan var svo sannarlega til staðar og þegar upp var staðið sættust liðin á skiptan hlut í 2-2 jafntefli. Leikurinn var ótrúlega kaflaskiptur og má segja að sá fyrri hafi verið eign heimamanna en í þeim síðari tóku gestirnir völdin.

Heimamenn komust yfir strax á elleftu mínútu og var þar að verki Hólmar Örn Rúnarsson með skalla af markteig eftir sendingu utan af kanti frá Birni Sverrissyni. Fylkismenn voru varla búnir að jafna sig á því að lenda undir þegar þeir fengu annað mark í andlitið og var það sjálfsmark Davíðs Ásbjörnssonar eftir hornspyrnu frá hægri.



**BYRJUÐU VEL** Hólmar Örn Rúnarsson kemur FH í 1-0 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrri hálfleikur leið áfram nokkuð rólega og virtist stefna í öruggan FH sigur.

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkismanna, hefur greinilega messað ærlega yfir sínum mönnum í leikhléinu því allt annað Fylkislið mætti til leiks í seinni hálfleik. Eftir um 25 mínútna leik kom markið sem hleypti lífi í leikinn. Þá skallaði Kjartan Ágúst Breiðdal boltann fyrir markið eftir aukaspyrnu utan af kanti, inn í teiginn var mættur Albert Brynjar Ingason sem setti boltann í netið af stuttu færi. Við mark Alberts efldust gestirnir enn meira og þeir jöfnuðu loks leikinn 4 mínútum síðar eða á 73. mínútu og var þar að verki Kjartan Ágúst Breiðdal með skoti úr teig eftir atgang í vítateig FH-inga. Síðasta stundarfjórðung leiksins sóttu bæði lið en Fylkismenn voru þó eilítið líklegri aðilinn.

„Ég er mjög ánægður með að ná að jafna leikinn eftir arfaslakan fyrri hálfleik en að sama skapi smá fúll að hafa ekki bara klárað þetta með 3 stigum í lokin. Við fórum vel yfir málin í hálfleik og það skilaði sér síðustu 45 mínúturnar. Ég gerði líka breytingar í leikhléinu. Andri kom inn fyrir Gylfa sem gat lítið beitt sér og var í raun bara haltrandi í fyrri hálfleik. Andri kom með ferskar fætur inn á völlinn og það skilaði sér.“ - ari

Bandaríska kvennalandsliðið í fótbolta missti tvisvar niður forystu í úrslitaleiknum á HM í gær og klikkaði síðan á þremur vítaspyrnum:

# Þær japönsku heimsmeistarar í fyrsta sinn eftir vítakeppni

**FÓTBOLTI** Japan varð í gær heimsmeistari í knattspyrnu kvenna eftir að hafa sigrað Bandaríkin í úrslitaleik mótsins, en þetta var í fyrsta skipti sem Japan verður heimsmeistari í knattspyrnu.

Bandaríkin voru ávallt með ákveðið frumkvæði í leiknum og fengu fjöldann allan af færum, en fyrsta markið í leiknum gerði Alex Morgan fyrir Bandaríkin þegar tuttugu mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma. Japan náði að jafna metin á 81. mínútu eftir skelfileg varnarmistök hjá þeim bandarísku og framlengja þurfti leikinn.

Abby Wambach kom Bandaríkjunum yfir undir lok fyrri hálfleiks framlengingarinnar. Hetja Japana var síðan Homare Sawa sem náði að jafna leikinn, 2-2, þrem mínútum fyrir leikslok og vítaspyrnukeppni var niðurstaðan. Sawa tryggði sér gullskóinn með markinu en hún gerði fimm mörk í keppninni.

Bandaríkin misnotaði þrjár fyrstu spyrnur vítaspyrnukeppninnar og náði ekki að koma til baka eftir það. Það var Saki Kumagai sem tók síðustu spyrnu Japana og tryggði þeim heimsmeistaratitilinn.

Homare Sawa var valinn besti leikmaður mótsins og hún hlaut gullskóinn, auk þess var Japan valið prúðasta lið keppninnar. **- sáp**



**GULLIN SAWA** Homare Sawa, fyrirliði Japans, fagnar hér jöfnunarmarki sínu í gær en hún var kjörin besti leikmaður keppninnar. MYND/AP



**DARREN CLARKE** MYND/AP

Clarke sigraði á Opna breska:

## Norður-Írinn með stáltaugar

**GOLF** Darren Clarke sigraði á Opna breska meistaramótinu í golfi sem lauk á Royal St. Georges-vellinum í gær.

Þetta er í fyrsta sinn sem hinn 42 ára gamli Norður-Íri sigrar á stórmóti. Clarke lék samtals á 5 höggum undir pari og var hann þremur höggum betri en Bandaríkjamennirnir Dustin Johnson og Phil Mickelson.

Clarke lék lokahringinn á pari vallar eða 70 höggum og gerði fá mistök. Norður-Írar hafa fagnað þrívegis sigri á einu af stórmótunum fjórum á undanförnum 13 mánuðum.

Graeme McDowell sigraði á Opna bandaríska meistaramótinu árið 2010, Rory McIlroy tók þann titil af landa sínum í júní síðastliðinn og nú tekur Clarke við keflinu og landar þriðja titlinum á stórmóti fyrir þessa litlu þjóð. Fyrir sigurinn fékk Clarke um 170 milljónir króna í verðlaunafé og keppnisrétt á þessu stórmóti þar til hann verður 65 ára. **- seth**

**Stjarnan 3-2 Breiðablik**

Stjörnuvöllur, áhorf.: Óuppg. Þorvaldur Árnason (8)

*1-0 Daníel Laxdal (12.)*
*1-1 Dylan MacAllister (43.)*
*1-2 Jóhann Laxdal, sjálfsmark (65.)*
*2-2 Garðar Jóhannsson (80.)*
*3-2 Garðar Jóhannsson (90.+3)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–5 (7–4) |
| Varin skot | Ingvar 2 – Ingvar 4 |
| Horn | 4–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–7 |
| Rangstöður | 4–7 |

| **STJARNAN** 4–3–3 | | **BREIÐAB.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Jónsson | 7 | Ingvar Þór Kale | 7 |
| Jóhann Laxdal | 5 | Arnór Sveinn Aðalst. | 6 |
| Tryggvi Bjarnason | 5 | Kári Ársælsson | 5 |
| (30., Bjarki Páll Eyst. | 7) | Finnur Orri Margeirs. | 4 |
| Nikolaj Pedersen | 6 | Kristinn Jónsson | 5 |
| Hörður Árnason | 5 | Guðm. Kristjánsson | 6 |
| Baldvin Sturluson | 5 | Olgeir Sigurgeirsson | 5 |
| Jesper Holdt Jensen | 6 | (57., Rafn Andri Har. | 6) |
| (73., Atli Jóhannsson | 6) | Andri Rafn Yeoman | 5 |
| Halldór Orri Björnss. | 6 | (86., Viktor Illugason | -) |
| Daníel Laxdal | 7 | Arnar Már Björgvins. | 6 |
| Ellert Hreinsson | 6 | (78., Jökull Elísarb. | -) |
| ***Garðar Jóhannsson** | **8** | Kristinn Steindórsson | 6 |
| | **-sáp** | Dylan McAllister | 7 |

*Maður leiksins




> **Will Smith**

„Það má gráta, það er engin skömm að því.“

***Í myndinni Men in Black starfar Will Smith hjá óopinberri leyniþjónustu sem sett var á laggirnar til þess að hafa auga með öllum geimverum sem sest hafa að hér á jörðinni. Myndin er á Stöð 2 Bíói kl. 16 í dag.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KRISTJANA ARNARSDÓTTIR FAGNAR ENDALAUSUM NÁGRÖNNUM

# *Alltaf sömu nágrannarnir*

Ég var ekki gömul þegar ég sá minn fyrsta þátt af Nágrönnum á Stöð 2, hef eflaust verið eitthvað í kringum tíu ára aldurinn. Síðan þá hef ég séð einn og einn þátt og haft gaman af. Söguþráður þáttanna er ekki flókinn. Nágrannar fjallar einfaldlega um nágranna sem búa allir við Ramsay Street í Ástralíu og lenda í hinum ýmsu ævintýrum „down under“. Það sem mér finnst stórmerkilegt við Nágranna er hversu langan tíma ég get látið líða á milli þátta en samt vitað upp á hár hvað er að gerast. Frá því að ég hóf að horfa á Nágranna hafa meira og minna sömu leikararnir búið við götuna. Steph, Karl, Susan, Libby og Toady eru allt „Nágrannar“ sem hafa fylgt mér alveg frá byrjun. Þess má til gamans geta að Alan Fletcher, sem fer með hlutverk



Karls Kennedy, hefur leikið í heilum 1.686 þáttum af Nágrönnum frá árinu 1987! Margir „Nágrannar“ hafa hins vegar horfið á braut. Ég sakna félaganna Lou og Harolds sem settu sterkan svip sinn á þáttinn. Þeir voru hins vegar skrifaðir úr handritinu því þeir þóttu orðnir of gamlir.

Það er alltof sjaldan sem ég næ þætti af Nágrönnum. Þættirnir eru sýndir á tímum þegar ég annaðhvort er í vinnu eða á æfingu. Af og til eru þó sýndir „maraþonþættir“ af Nágrönnum, en þá eru þættir vikunnar endursýndir hver á eftir öðrum. Ég veit ófá skiptin sem ég hef legið heima í leti á sunnudegi og þakkað fyrir nokkurra klukkustunda dagskrá af Nágrönnum.

## RÚV

**16.05 Landinn** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Húrra fyrir Kela** (33:52)
**17.43 Mærin Mæja** (23:52)
**17.51 Artúr** (3:20)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Komdu að sigla** (1:5)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Gulli byggir** (3:6) Gulli Helga húsasmiður hefur verið fenginn til þess að koma lagi á kjallara í 65 ára gömlu húsi í Reykjavík. Óþefur og ýmiss konar skordýr hafa hrjáð þá sem kjallarinn hefur hýst um nokkurn tíma og greinilegt er að húsið er komið á tíma.

**20.10 Aldamótabörn** (2:2) (Child of Our Time: The Big Personality Test) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.

**21.10 Leitandinn** (33:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cypher og dísarinnar Kahlan Amnell. Meðal leikenda eru Craig Horner, Bridget Regan, Bruce Spence og Craig Parker. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn**
**23.15 Liðsaukinn** (9:32) (Rejseholdet)
**00.15 Fréttir** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors** (71:175)
**10.15 Smallville** (9:22)
**11.00 Hamingjan sanna** (4:8)
**11.45 Wipeout USA**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (28:43)
**14.20 American Idol** (29:43)
**15.05 ET Weekend**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (2:24)
**19.35 Modern Family** (21:24)
**20.00 Extreme Makeover: Home Edition** (18:25)

**20.45 Fairly Legal** (7:10) Dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed sem starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar en ákvað að gerast sáttamiðlari.

**21.30 Nikita** (18:22) Leyniþjónustan Divison ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir.

**22.15 Weeds** (2:13)
**22.45 The Office** (6:6)
**23.15 The Middle** (20:24)
**23.40 How I Met Your Mother** (16:24)
**00.05 Bones** (16:23)
**00.50 Entourage** (3:12)
**01.15 Bored to death** (6:8)
**01.45 Human Target** (5:12)
**02.25 Dirty Sanchez: The Movie**
**04.05 Fairly Legal** (7:10)
**04.45 The Office** (6:6)
**05.15 Modern Family** (21:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.25 Indonesian Open** Útsending frá Indonesian Open golfmótinu sem er liður í OneAsia mótaröðinni.

**18.55 Blanda** Flottur þáttur þar sem veitt verður í Blöndu og allir helstu leyndardómar þessarar skemmtilegu ár skoðaðir.

**19.25 Herminator Invitational 2011** Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðagolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.

**20.10 KR - Valur** Útsending frá leik KR og Vals í Pepsi deild karla í knattspyrnu.

**22.00 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

**23.10 KR - Valur** Útsending frá leik KR og Vals í Pepsi deild karla í knattspyrnu.

**01.00 Pepsi mörkin**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 Top Chef** (8:15) (e)
**18.55 Married Single Other** (3:6) (e)

**19.45 Will & Grace** (12:27) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.

**20.10 One Tree Hill** (12:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Stúlkurnar vakna upp við vondan draum og komast að því að þær muna ekkert eftir gærkvöldinu. Gæsapartý Brooke dregur dilk á eftir sér.

**20.55 Hawaii Five-O** (20:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Steve og Danny ganga fram á lík af manni sem greinilega hefur verið myrtur.

**21.45 CSI: New York** (5:22) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Einkalífið tekur að flækjast fyrir liðsmönnum rannsóknardeildarinnar við hefðbundna öflun sönnunargagna.

**22.35 Parenthood** (10:13) (e)
**23.20 Royal Pains** (10:13) (e)
**00.05 Law & Order: Criminal Intent** (8:16) (e)
**00.55 CSI** (4:23) (e)
**01.40 Hawaii Five-O** (20:24) (e)
**02.25 Will & Grace** (12:27) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (150:175)

**20.15 Ally McBeal** (14:22) Ally ákveður að fara í DNA-rannsókn til að athuga hvort Maddie sé í raun og veru dóttir hennar, kona sem farin er að kalka ruglast á Viktori og elskhuga sínum og Fish hittir fyrstu ástina sína.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**

**21.50 The Whole Truth** (4:13) Í hverjum þætti kynnumst við báðum hliðum á málum sem eykur spennu áhorfandans um sekt eða sakleysi fram á síðustu mínútu.

**22.35 Rizzoli & Isles** (10:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur.

**23.25 Damages** (9:13) Þriðja þáttaröðin með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverki. Lögfræðingurinn Patty Hewes lætur ekkert stöðva sig og heldur upp óbreyttum hætti við að verja misjafna einstaklinga á meðan Ellen Parsons er farin að vinna fyrir saksóknara. Hún flækist þó í þó í mál Patty og spennan eykst þegar náinn samstarfsfélagi þeirra finnst myrtur.

**00.10 Ally McBeal** (14:22)
**00.55 The Doctors** (150:175)
**01.35 Sjáðu**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## 2 BÍÓ

**06.50 Into the Storm**
**08.30 Liar Liar**
**10.00 Men in Black**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Liar Liar**
**16.00 Men in Black**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Into the Storm**
**22.00 The White Massai**
**00.10 CJ7**
**02.00 Find Me Guilty**
**04.00 The White Massai**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Brasilía - Paragvæ** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.

**18.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**18.30 Portsmouth - Chelsea** Útsending frá æfingaleik Portsmouth og Chelsea.

**20.15 Brasilía - Paragvæ** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.

**22.00 Chile - Venesúela** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum í Copa America 2011.

**23.45 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.30 Opna breska meistaramótið 2011** (4:4)
**13.30 Opna breska meistaramótið 2011** (4:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Opna breska meistaramótið 2011** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 Champions Tour - Highlights**
**23.45 ESPN America**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

**18.30 2 gestir** Fjölbreyttur þáttur þar sem að gesta stjórnandi fær til sín góðan gest.

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Þátturinn sem allir verða að horfa á.

**20.30 Golf fyrir alla** 14. og 15. hola á Hamarsvelli.

**21.00 Frumkvöðlar** Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands.

**21.30 Eldhús meistarana** Meira grill á þaki Panoramaice.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Pantaðu fría
landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



Graníthellur
fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!



CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 22.15 WEEDS

Það er aldrei lognmolla í dópsölunni hjá húsmóðurinni Nancy Bowden sem núna er send yfir landamærin til Mexíkó til að sinna erindum sem tengjast dópsölunni.

### FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Með spjót í höfðinu **14.00** Fréttir **14.03** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Heimsmenning á hjara veraldar **20.00** Leynifélagið **20.30** Hefðarkettir og ræsisrottur **21.10** Um Njáls sögu **21.24** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og glorìur **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.40** Fawlty Towers **11.10** Deal or No Deal **11.45** Deal or No Deal **12.20** Deal or No Deal **12.55** Fawlty Towers **13.30** ,Allo ,Allo! **13.55** ,Allo ,Allo! **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.35** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.20** QI **00.50** Little Britain **01.20** My Family

### DR 1

**10.45** Kærlighed og kaos **11.15** Bag kulisserne i Zoo **11.45** Sommertid **12.10** Det Søde Sommerliv **12.40** Søren Ryge præsenterer **13.10** Merlin **13.55** Møde i naturen **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Miss Marple **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Kyst til kyst **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.30** SportNyt **19.40** Horisont Special **20.35** Inspector Rebus **21.45** Vore Venners Liv **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**11.05** Familien og jeg **11.35** Harry - seks år og kokkelærling **12.05** Damenes detektivbyrå nr. 1 **13.00** Derrick **14.00** Ekstremfiske **14.45** Svenske hemmeligheter **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 80-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Australias villmark **18.00** Tore på sporet **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Boardwalk Empire **21.05** Kveldsnytt **21.20** Poirot **22.55** 20 spørsmål

### svt1

**14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Konstdeckarna **17.15** K-märkt form **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Det söta livet **19.00** Vem tror du att du är? **19.40** Semester, semester, semester **20.00** Hotellpraktikanterna **20.30** Hela apparaten - om teknikens världar **21.00** Damages **21.45** Engelska Antikrundan **22.45** Rapport **22.50** Sommarpratarna **23.50** Rapport **23.55** Musikaliska underbarn **00.45** Rapport





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

## MORGUNMATURINN



*„Í morgunmat fæ ég mér „boost“ með djús, skyri, banana, jarðarberjum, weetabixi og prótíndufti. Það keyrir mig vel í gang fyrir átök dagsins.“*

Alfreð Finnbogason, knattspyrnumaður hjá Lokeren.

# Opnar kaffihús á Snæfellsnesi

„Þetta er hvorki gamall né nýr draumur hjá okkur hjónunum en við fengum fyrir tilviljun þennan stað upp í hendurnar og ákváðum að prufa að opna kaffihús,“ segir rithöfundurinn og leikskáldið Ólafur Haukur Símonarson, sem opnaði á dögunum kaffihús með eiginkonu sinni Guðlaugu Maríu Bjarnadóttur.

Kaffihúsið nefnist Kaffi Prímus og er staðsett á Hellnum á Snæfellnesi. Guðlaug sér alfarið um reksturinn en Ólafur segist styðja vel við bakið á henni. „Ég hef nóg á minni könnu í sumar og er því lítið að sniglast þarna en Guðlaug ber hitann og þungann af daglegum rekstri. Ég hoppa inn ef hún er alveg að bugast,“ segir Ólafur í glettnum tón en þau hjónin hafa verið með annan fótinn á Snæfellsnesi undanfarin ár og þekkja vel til svæðisins.

„Við erum bara að prófa þetta í sumar til að byrja með og ég býst ekki við því að við höldum áfram í haust en Guðlaug er í fullu starfi sem kennari,“ segir Ólafur og bætir við að það hafi verið nóg að gera á kaffihúsinu frá opnun í júní.

„Við erum umvafin náttúruperlum hérna og svæðið er mjög vinsælt hjá ferðamönnum. Það er ekki amalegt að vera við rætur þjóðgarðsins,“ segir Ólafur og vísar þar í þjóðgarð Snæfellsjökuls. - áp



**NÝTT HLUTVERK** Ólafur Haukur Símonarson rithöfundur og eiginkona hans, Guðlaug María Bjarnadóttir, hafa opnað kaffihúsið Prímus á Hellnum við Snæfellsnes. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Merkel fékk eintak

„Það er vonandi að þetta gleðji hana,“ segir Jónína Leósdóttir rithöfundur.

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og eiginkona Jónínu, átti fund með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, á dögunum. Eins og venja er þegar þjóðarleiðtogar hittast með þessum hætti er skipst á gjöfum. Meðal þess sem frú Merkel fékk var fyrsta þýska eintakið af skáldsögu Jónínu Leósdóttur, Allt fínt ... en þú? Bókin heitir upp á þýskuna Am Liebsten Gut og kemur út í lok ágúst á vegum bókaforlagins Kiwi. Raunar var ekki byrjað að prenta upplag bókarinnar þegar óskin barst til Kiwi um að fá eintak til handa Merkel. Með snarræði voru þrjú eintök hennar send með hraðpósti af stað og náðu þau áfangastað í tæka tíð.

„Mér fannst þetta alveg stórskemmtilegt, líka af því að þetta var fyrsta eintakið sem kom úr verksmiðjunni. Þetta var alveg heitt úr ofninum,“ segir Jónína. „Þetta verður mjög eftirminnilegt því þetta er fyrsta þýska útgáfan á verki eftir mig. Maður gleymir því ekki að byrja svona með flugeldum. Svo veit ég ekkert hvort hún tekur bókina með sér í frí eða hvað hún gerir við hana. Ég vona auðvitað að hún lesi hana.“ - fb



**STÓRSKEMMTILEGT** Jónína Leósdóttir er að vonum ánægð með að Merkel hafi fengið fyrsta eintakið.



**SYSTUR Í LOS ANGELES** Elín Lovísa er í heimsókn hjá stúlkunum í The Charlies, en hún er litla systir Klöru. Elín gaf út lagið „Það birtir alltaf til“ með Kristmundi Axel í fyrra, en von er á öðru lagi frá Elínu í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ELÍN LOVÍSA ELÍASDÓTTIR:** HITTIR FRÆGA FÓLKIÐ Í LOS ANGELES

# Litla systir Klöru upplifir ævintýri með The Charlies

„Það er smá klikkun að vera hérna,“ segir Elín Lovísa Elíasdóttir, yngri systir Klöru í The Charlies. Elín Lovísa er stödd í Los Angeles í heimsókn hjá Klöru, Ölmu og Steinunni, en Charlies-stúlkur vinna að tónlistarferli sínum þar ytra.

„Ég er búin að fá að upplifa þetta ævintýri með þeim síðustu þrjár vikurnar,“ segir Elín. Hún segir að stúlkurnar starfi með fólki sem þekki alla í bransanum og að þær hafi farið í ófá partí með fræga fólkinu. „Okkur var til dæmis boðið til sonar Jimmy Iovine hinn 4. júlí, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna. Þetta var sundlaugarpartí með öllu tilheyrandi,“ segir Elín, en Jimmy Iovine er eigandi Interscope Records og vinnur fyrirtækið með listamönnum á borð við The Black Eyed Peas, Eminem, Lady Gaga og U2. „Á fimmtudagskvöld fórum við svo á ESPY-íþróttaverðlaunahátíðina, en söngvarinn Cee Lo Green var að syngja í eftirpartíinu og bauð stelpunum að koma,“ segir Elín, sem fékk að fara með. „Ég var ekki búin að fatta hvað þetta væri í raun stórt fyrr en við keyrðum að þessu og sáum að allar göturnar í kring voru lokaðar fyrir almenna umferð,“ segir Elín. ESPY-verðlaunahátíðin er haldin á vegum bandarísku íþróttarásarinnar ESPN. Hátíðin verðlaunar þá íþróttamenn eða lið sem skarað hafa fram úr á árinu.

„Þarna voru allar helstu íþróttastjörnur Bandaríkjanna, úr NFL-deildinni, NBA-deildinni og fleira. Það hefur aldrei verið jafn leiðinlegt að þekkja ekki betur til í bandarískum íþróttum. Ég þekkti aðeins tvo NBA-leikmenn þarna,“ segir Elín.

Hún hefur sjálf verið að feta sig áfram í tónlistinni hérlendis. Hún söng lagið „Það birtir alltaf til“ með Kristmundi Axel og naut það gríðarlegra vinsælda fyrr í vetur og er nú von á öðru lagi frá henni. „Alma er að semja fyrir mig lag í samvinnu með Reddlights og kemur það vonandi út í næsta mánuði,“ segir Elín sem heldur heim á leið í þessari viku.

kristjana@frettabladid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

# Heldur Íslandsmeistaramót í FIFA

„Hver riðill verður með sína eigin tölvu og sinn eigin skjávarpa,“ segir Arnór Jónsson sem stendur fyrir Íslandsmeistaramóti í fótboltatölvuleiknum FIFA 11 á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi, laugardaginn 23. júlí.

Búið er að skrá 48 keppendur til leiks og verður þeim skipt niður í átta riðla, sex í hverjum riðli. „Það verður spiluð ein umferð og svo halda tvö lið áfram upp úr riðlinum og fara í sextán liða úrslit,“ segir Arnór. Einn keppandi er í hverju liði, en ekki tveir eins og stundum hefur verið. „Það fylltist í mótið samdægurs, en við hvetjum menn til þess að mæta og horfa á,“ segir Arnór, en mótið hefst á hádegi.

Í október kemur út leikurinn FIFA 12 og ætlar Arnór að halda enn stærra mót af því tilefni. „Það verður 150 til 200 manna mót og ætlum við að hefja skráningu fyrir það í lok mótsins á laugardaginn.“ Íslandsmeistaramótið í FIFA er í samstarfi við Senu og segir Arnór að stefnt sé að því að halda enn stærri mót í framtíðinni. „Þetta er bara byrjunin,“ segir Arnór að lokum. - ka



**ÍSLANDSMÓT Í TÖLVULEIK** Arnór Jónsson stendur fyrir Íslandsmeistaramóti í FIFA 11, og 48 keppendur hafa verið skráðir til leiks. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

**AÐEINS 8.995,-**
**DAM TASLAN NÆLONVÖÐLUR**
- með áföstum stígvélum.

**AÐEINS 15.995,-**
**RON THOMPSON NEOPRENVÖÐLUR**
- Stígvél með filtsóla.

**FRÁBÆRT VERÐ 24.900,-**
**ÖNDUNARVÖÐLU PAKKAR**
Ron Thompson Hydro-force öndunarvöðlur og Scierra Contour vöðluskór með filtsóla.

**FRÁBÆRT VERÐ 29.900,-**
**ÖNDUNARVÖÐLU PAKKAR**
Scierra CC3 öndunar-vöðlur og Scierra Contour vöðluskór með filtsóla.

**AÐEINS 9.995,-**
**STERKASTA STÖNG Í HEIMI?**
Ron Thompson Tyran stöngin komin aftur. Fáanleg í nokkrum lengdum.

**AÐEINS 8.995,-**
**RON THOMPSON STEEL-HEAD KASTSTÖNG**
Vönduð stöng í silung og lax. Margar lengdir.

**AÐEINS 3.995,-**
**OKUMA ELECTRON VEIÐIHJÓL**
Girni og aukaspóla.

**AÐEINS 19.900,-**
**SCIERRA EMERGER FLUGU-VEIÐIPAKKI**
- á góðu verði. Fjögurra hluta stöng, gott hjól með vandaðri flotlínu og undirlínu. DVD með kastkennslu.

**AÐEINS 39.900,-**
**SCEIRRA EMERGER TVÍHENDUPAKKI**
- á óviðjafnanlegu verði. Fjögurra hluta stöng, vandað hjól og góð skotlína. DVD með kastkennslu.

**AÐEINS 3.995,-**
**RON THOMPSON VEIÐIVESTI**
Gott vesti með mörgum vösum.

**AÐEINS 12.995,-**
**RON THOMPSON ONTARIO VEIÐIJAKKI**
Hægt að renna ermum af.

**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 15.995,-**
**RON THOMPSON VEIÐI-JAKKI**
Vatnsheldur jakki með útöndun. Fullt verð 18.995.-

**AÐEINS 5.995,-**
**STÁL OG HNÍFAR**
Hnífasett, stál og bretti í hand-hægri tösku.

**TILBOÐ AÐEINS 8.995,-**
**REYKOFNAR Á TILBOÐI**
Töfraðu fram veislumáltíð heima eða í veiðiferðinni.

**AÐEINS 5.995,-**
**RON THOMPSON ENER-GIZER FLUGULÍNA**
Flotlína fáanleg í línuþyngdum #5, #6, #7 og #8.

**VERÐ FRÁ 11.995,-**
**OKUMA SLV FLUGUHJÓL**
Af mörgum talin bestu kaupin í fluguhjólum. Hjólið sem er úr áli er létt og sterkt með öflugum bremsum.

## SPÚNAR Á BÆJARINS BESTA VERÐI?

ÓDÝRU SPÚNARNIR EINNIG Á WWW.VEIDIMADURINN.IS

TOBIE FRÁ 299,- BLEIKJUSPINNER 299,- ESJA 395,- BAULA 395,- HENGILL 395,- DYNGJA 395,- FAXI 395,- LAKI 395,- KATLA 395,- SNÆLDA 595,-

## SILUNGAFLUGUR Á FÍNU VERÐI

PEACOCK 220,- KRÓKUR 220,- KILLER 220,- WATSON FANCY 220,-

MÝSLA 220,- ALMA RÚN 220,- FLÆÐARMÚS 290,-

NOBBLER 290,- HÓLMFRÍÐUR 290,- BLACK GHOST 290,-

## BEITAN Í VEIÐIFERÐINA - ORMAR OG MAKRÍLL

**SPORTBÚÐIN**

**KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050**

*Í leiðinni úr bænum*

**MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Handboltapar í það heilaga

Það var mikil gleði í Vestmannaeyjum um helgina eins og endranær. Þar gekk Eyjapeyinn og landsliðsmaðurinn fyrrverandi í handbolta, **Gunnar Berg Viktorsson**, að eiga sína heittelskuðu **Dagnýju Skúladóttur**, sem einnig er fyrrverandi landsliðskona í handbolta. Vinir og ættingjar fögnuðu með brúðhjónunum en meðal gesta má nefna handboltakappann og íþróttafréttamanninn Einar Örn Jónsson og konu hans Birnu Ósk Hansdóttur sem og Hafrúnu Kristjánsdóttur, sálfræðing og handboltasérfræðing. Þá má gera ráð fyrir að Drífa, Hrafnhildur og Rebekka systur Dagnýjar hafi verið viðstaddar en þær hafa allar leikið handbolta um árabil.



### Fótfrá veðurkona

Rúmlega 300 hlauparar lögðu af stað í Laugavegshlaupinu sem fram fór á laugardaginn. Hlaupin er 55 kílómetra leið úr Landmannalaugum og yfir í Þórsmörk og komust 289 þeirra í mark. Meðal þeirra sem komust í mark voru **Finnur Beck**, fyrrverandi fréttamaður á RÚV og nú lögmaður, og **Elísabet Margeirsdóttir** veðurfræðingur á Stöð 2. Elísabet gerði sér lítið fyrir og náði 3. sætinu í kvennaflokki, hljóp á 6 klukkustundum og tæpum þremur mínútum, en Finnur lenti í 80. sæti í karlaflokki, hljóp á 6 klukkustundum og tæpum 40 mínútum. - kh



## Mest lesið vísir

1. Kærður fyrir að planka á lögreglubíl
2. Fundu nýtt krabbameinsgen
3. Fimm handteknir eftir bílveltu í bílastæðahúsi
4. Farþegar Iceland Express lentu fyrir klukkan tvö
5. Tilkynna of feit börn til barnaverndarnefnda


Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

netverslun www.weezo.is

WEEZO

jumpsuit



Kr. 14.900,-

á útihátíðina!

í útileguna

í sumarbústaðinn



Fæst aðeins í netverslun www.weezo.is

info@weezo.is